# Gjörðabók fátækranefndar. 1876-1895

Aðfnr. 42, 5. hluti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

| Tala | Nöfn ómaganna | Aldur | Nöfn húsbænda | Meðlag kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | | Fl | 1762 |
| 20 | Kristjana Jóhannesdóttir | 6 | Rannveig Gísladóttir | 80 |
| 21. | Sigríður Guðmundsdóttir | 7 | Magnús á Eiði | 80 |
| 22 | Magnús Magnússon | 76 | Guðlaug Oddsdóttir | 120 |
| 23 | Jón Kristjánsson | 7 | Guðrún Steinsdóttir | 80 |
| 24 | Henrik Árnason ✓ | 64 | Þorsteinn Gamalíelsson | 35 |
| 25 | Guðmundur Guðmundsson | 4 | Halldóra Árnadóttir | 80 |
| 26. | Ingiríður Einarsdóttir | 63 | Eyvindur Eyvindsson | 60 |
| 27. | Steinþóra Þorsteinsdóttir | 7² | ekkja ~~Jóns~~ Þorsteins Jónssonar í Garði / Sofía Magnúsdóttir. Holti | 26.66 |
| 28. | Jón Jóhannsson | 66² | Magnús í Viðey | 40 |
| ~~29~~ | ~~Ólavía Einarsdóttir~~ | ~~14~~ | ~~Torfi Þorgrímsson~~ | ~~80~~ |
| 30. | Sigríður Jensdóttir | 9 | Hermann Guðmundsson | 80 |
| 31. | Guðrún Magnúsdóttir + | 8 | Þórður á Hólabrekku | 80 |
| 32. | Sigurður Friðriksson | 12 | Jónas Jónsson fyrir [illegible] | 80 |
| 33 | Sigríður Ólafsdóttir | 77 | Þorkell Sigurðsson ([illegible] á Þorm) | 60 |
| 34 | Jódís Tómasdóttir | 4 | Sigrún Guðlaugsdóttir | 60 |
| 35 | Bjarni Jónsson | | Þórður Guðmundsson | 130 |
| 36. | Jón Jónsson | | Jón á Skógtjörn | 24 |
| 37. | Guðmundína Oddsdóttir | 3 | Hermann Guðmundsson | 80 |
| 38 | Jóhanna Guðmundsdóttir | 53 | Sigríður Guðmundsdóttir Lágholti | 80 |
| 39. | Lýður Magnússon | 73. | Guðlaug Oddsdóttir | 60 |
| 40 | Kristján Kristjánsson | 73 | Eiríkur Magnússon Þverárkoti | 72 |
| 41 | Sigríður Þorláksdóttir ✓ | 14 | Sigríður Bjarnadóttir | 40 |
| 42 | Pjetur Friðriksson | 8 | Þórður Þórðarson Hábæ | 80 |
| 43 | Guðrún Friðriksdóttir | 6 | | 80 |
| 44. | Sigurjón Guðrúnarson | 2 | Snorri á Bliksstöðum | 80 |
| 45 | Sigurgeir Jónsson ✓ | 9² | Gísli Björnsson | 80 |
| 46 | Sigríður Pálína Pálsdóttir | 1 | Þuríður Jörundsdóttir | 80 |
| 47. | Daníel Ágúst Frímann Pálsson | 3 | Sigríður Bjarnadóttir | 80 |
| 48 | Jón Hansson | 12 | Gunnar Gunnarsson | 80 |
| 49 | Meyvant Hansson | 10 | Ólafur Björnsson | 80 |
| 50 | Guðbjörg Hansdóttir | | Benedikt Jónsson | 80 |
| 51 | Ágúst Guðmundsson | 7 | Runólfur Runólfsson | 80 |
| 52 | Elías Guðmundsson | 3 | Jón Björnsson | 80 |
| | | | | [illegible]9.66 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Nöfn ómaganna | aldur | Nöfn húsbænda | Meðlag |
|---|---|---|---|---|
| | | | Kr | 4089.66 |
| 53 | Pétur Gunnarsson | | Erlendur Þorsteinsson | 80 |
| 54 | Andriana Pétursdóttir | 14 | Guðmundur Guðmundsson | 60 |
| | | | Samtals Kr | 4229.66 |

## B. Þurfamenn

1. Jóhann Heilmann . . . Kr 24.00
2. Vilborg Ólafsdóttir . . . „ 120.00
3. Guðrún Þorgrímsdóttir . . . „ 100.00
4. Sigríður Guðmundsdóttir Ofanleyti . „ 72.00
5. Margrjet Pálsdóttir . . . „ 100.00
6. Guðbjörg Oddsdóttir . . . „ 100.00
7. Kristján Hróbjartsson . . . „ 96.00
8. Jón Ingimundarson Selsholti . . „ 80.00
9. Eggrún Eggertsdóttir . . . „ 48.00
10. Helga Auðunsdóttir . . . „ 144.00
11. Sigurbjörg Guðmundsdóttir . . „ 60.00
12. Gissur Guðmundsson . . . „ 60.00
13. Kristín Ásbjarnardóttir . . . „ 60.00
14. Ragnheiður Sigfúsdóttir . . . „ 250.00
15. Sigríður frá Barði . . . „ 24.00
16. Guðrún Jóhannesdóttir Móakoti . „ 108.00
17. Valgerður Guðnadóttir . . . „ 80.00
18. Sigurður Bjarnason . . . „ 216.00
19. Sigurbjörg Sigurðardóttir . . . „ 36.00
20. Þorvaldur Björnsson Sandagerði . „ 60.00

Samtals Kr 1838.00

## C. Húsaleigustyrkur

1. Sigríður Jónsdóttir Hlíðarhúsum Kr 24.00
2. Guðlaug Jónsdóttir . . . 24.00
3. Sigurður Eiríksson . . . „ 48.00

Kr 96.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fl. kr. 96.00

| | | |
|---|---|---|
| 4. | Jóhanna Magnúsdóttir Vindheimi . | 12.00 |
| 5. | Guðmundur Bjarnason . . . | 48.00 |
| 6. | Dórótea Jónsdóttir . | 24.00 |
| 7. | Pétur Grímsson . . | 48.00 |
| 8. | Sigurbjörg Sigurðardóttir . | 30.00 |
| 9. | Þorkell Sigurðsson . . . | 36.00 |
| 10. | Þorkell Eiríksson . . | 24.00 |
| 11. | Marta Markúsdóttir . . | 24.00 |
| 12. | Katrín Árnadóttir . . | 6.75 |
| 13. | Runólfur Árnason . | 30.00 |
| 14. | Ólafur Jónsson . | 36.00 |
| 15. | Þorsteinn Jónsson . . . | 36.00 |
| 16. | Einar Ólafsson . . . | 36.00 |
| 17. | Málfríður Guðbrandsdóttir . . | 9.00 |
| 18. | Halldóra Jónsdóttir . . . | 24.00 |
| 19. | Ólafur Þorvarðarson . . . | 13.50 |
| 20. | Þorleifur Björnsson . . . | 12.00 |
| 21. | Sigríður Guðlaugsdóttir | 20.00 |
| | Samtals | 565.25 |

## D. Vitstola

Elísabet Egilsdóttir . . kr 500.00

2. Ingileif Magnúsdóttur var neitað um húsa-leigustyrk, er hún beiddi um í bréfi 7. þ.m.
3. Guðbjörgu Oddsdóttur var neitað um 1 skpd af kolum, er hún hafði beðið um í bréfi 14. þ.m.

\+ 4. Ákveðið var að styrkja Sigríði Guðlaugs-dóttur eptir þörfum. Bréf frá henni 5. þ.m.

5. Ákveðið var að borga allt að 12 kr. úr fátækra-sjóði til Eiríks Magnússonar í Þverárkoti fyrir föt handa Kristjáni Kristjánssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Biskup P. Pjetursson tilkynnti nefndinni í bréfi 12. þ. m., að hann hefði úthlutað 20 kr. til jafnra skipta milli Ragnheiðar Sigfúsdóttur og Guðbjargar Marteinsdóttur, og óskaði að nefndin tilkynnti nefndum ekkjum þetta. Nefndin ákvað að þakka biskupinum þessa gjöf.

7. Formanni var falið að afgreiða áðurgreindar kröfur um barnsmeðlag frá föðursins hálfu þar sem hlutaðeigandi barnsfeður eiga allir heima hjer í bænum: 1, frá Sigríði Jónsdóttur um meðlag frá Guðmundi Gíslasyni; 2 frá Mosfellshreppi um meðlag frá Páli Ólafssyni og 3 frá Bessastaðahreppi um meðlag frá Gísla Kaprasíussyni.—

8. Beiðni frá Benedikt Daníelssyni (sjá síðasta fund nr 7) um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum var ráðið til lykta þannig, að synjað var um að veita honum þetta leyfi, sökum þess, að hann væri heilsulítill og að öðru leyti ólíklegur til að bjarga sjer hjer þyngslalaust fyrir fátækrasjóðinn.

9. Beiðni í bréfi 5. þ. m. frá Agli Jónssyni um leyfi til að setjast hjer að í tómthúsmennsku var synjað, með því að fátækranefndinni var ókunnugt um að hann ætti nokkurn efni.—

10. Beiðni frá Sveini Arasyni í bréfi 3. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi var synjað, með því að hann væri farinn að eldast og efnalaus.— —

11. Formaður lagði fram lista frá bæjargjaldkera yfir ýmis gjöld til bæjarsjóðs, sem ~~...~~ gjaldkeri óskar undanþegin úr eptirstöðvunum. Formanni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var falið að fara gegnum þennan lista og gjöra tillögur um hann.

Fundi slitið

Með á fundi, herra Björn Jónsson og Halldór Friðriksson (erlendis)

Halldór Daníelsson G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Þórður Torfason
Guðm Guðmundsson Sölvi Thorsteinson
Ólafur Björnsson Gunnar Gunnarsson

Ár 1891 fimmtudaginn 29. janúar var fundur haldinn í fátækranefndinni

1. Samþykktur var reikningur yfir útfararkostnað Kristjáns Jónssonar (Haagensen) kr. 62.36, með því hann átti ekki fyrir útför sinni. –

+ 2. Jóhanna Magnúsdóttir Eyvindarholti biður í bréfi dags. í gær um 5-6 kr styrk á mánuði. Ákveðið var að hjálpa henni eptir þörfum fyrst um sinn til vorsins. –

Fundi slitið

Halldór Daníelsson G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson G. Gunnarsson
Guðm Guðmundsson Sölvi Thorsteinson Þórður Torfason

Ár 1891, fimmtudaginn 12. dag febrúarmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í bréfi dags. 13. f. m. skýrir hreppsnefndaroddvitinn í Rosmhvalaneshrepp, að Valdimar Ottesen sje hjálparþurfandi orðinn, og spyr, hvort fátækranefndin kannist við, ~~hvort~~ að hann sje hjer sveitlægur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Hjörleifur Einarsson skýrir frá í brjefi 11. þ.m., að hann sje eigi skyldur, að annast stjúpbarn sitt, Ragnheiðar Pálsdóttur, og felur fátækranefndinni hjer, að annast það. Fátækranefndin kannast við, að barn þetta eigi að fá uppeldi sitt hjer af því leyti, sem faðir þess sje hjer sveitlægur, Páll Eyjólfsson, en Biskupstungnahreppur eigi að greiða meðgjöfina að móðurinnar hluta, sem er dáin, en var sveitlæg orðin í Biskupstungnahreppi.

3. Jón Ingimundarson biður í brjefi 11. þ.m. um viðgjörð á bæ sínum, sem sje orðinn mjög hrörlegur. Ákveðið var að skoða bæinn. Gunnar Gunnarsson og Ólafur á Bakka tóku að sjer skoðunina.

~~4. Jórunn Magnúsdóttir~~

4. Þorkell Sigurðsson biður í brjefi 10. þ. m. um styrk til útgjörðarinnar á vetrarvertíðinni, og til hyskis sins, meðan hann væri burtu. Málinu frestað til næsta fundar.

5. Reginu Jónsdóttur voru veittar 6 Kr. fyrir ~~[illegible]~~ veru hennar hjá Dorotheu Jónsdóttur í desember f. á.

6. Gustav Árnason á Ártúnum í Rangárvallasýslu biður í brjefi 24. f. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað.

7. Brynjólfur Jónsson, sjómaður hjer í Reykjavík, biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

8. Sæmundur Guðmundsson á Langholti í Hraungerðishreppi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað, til að fá upplýsingar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Í stað Gunnars Gunnarssonar var
kosinn fátækrastjóri Gunnlaugur Pjetursson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~Tr~~ Friðrik Kúld. G. Þórðarson
G. Gunnarsson
Ólafur Ólafsson G. Þorkelsson
Ólafur Björnsson Þórður Torfason

Ár 1891, fimmtudaginn 26. dag febrúarmánaðar
átti fátækranefndin fund með sjer.
1. Halldór Þórðarson á Bala biður í brjefi
18. þ. m., að fátækranefndin taki að sjer
ábyrgð á láni til útgjörðar hjá L.
Hansen. Þessari ábyrgð ~~var~~ var heitið, að svo
miklu leyti, sem hann nauðsynlega þyrfti,
og var Þórði í Vigfúsarkoti falið á hendur, að
sjá um, að Halldór skilaði hlutnum í
reikning fátækranefndarinnar.
2. Sofía Ólafsdóttir biður í brjefi 26. þ. m.
að fátækranefndin borgi fyrir hana
1 kr. 50 a. um mánuðinn frá 14. nóv.
og s. v. framvegis til Benidikti Ásgríms-
sonar, og var það veitt.
3. Ragnheiður Sigurðardóttir biður
um 25 kr. upp í meðlag með barni
sínu Einari Gíslasyni. Brjefi þessu gat
fátækranefndin eigi sinnt.
4. Sjera Jóhann Þorkelsson skýrir frá
í brjefi 2. þ. m., að stúlkan Anna
Bjarnadóttir í Bjargarsteini sje
svo mjög skammt á veg komin
í þekkingu og lærdómi, að nauðsyn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sje til, að útvega henni kennslu, þar sem hún sje komin á 15. ár. Ólafi Ólafssyni var falið á hendur, að annast um kennslu þessa.

5. Gústavi Árnasyni (sjá næsta fund á undan) var veitt tómthúsmannsleyfi.

6. Sæmundi Guðmundssyni (sjá næsta fund á undan) skyldi skrifað, að hann yrði að gefa nákvæmari skýrslu um eigur sínar, en hann hefði áður gjört, áður en hann gæti fengið tómthúsmannsleyfi hjer í bænum.

7. Ákveðið var, að skrifa amtmanni, og beiðast þess, að hann gjörði Pjetur Illugason ómyndugan" og var Guðmundi Þorkelssyni falið að sjá um hann framvegis.

8. Í stað Erlends Sakaríassonar var kosinn fátækrastjóri Steindór ~~Mattíasson~~ Jónsson, með því að Gísli Björnsson hafði fengið Laugarnesið til ábúðar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson, ~~M.~~ Friðriksson. Ól. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Þórður Erfason

G. Gunnarsson Guðm. Guðmundsson

Ólafur Björnsson Guðmundur Þorkelsson

Ár 1891, fimmtudaginn 12. dag ~~febrúar~~ marz mánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. í gær biður Sigurður Bjarnason á Reynimel um fje til skírnarklæða, og var það veitt, (~~hjá L. Hansen~~) og lofaði Guðm. Þórðarson að umgangast það.

2. Barni Jóns Ásbjarnarsonar og Guðnýjar Jónsdóttur var ákveðið að koma sjer fyrir, og tók Ólafur Ólafsson það að sjer.

3. Gunnlaugur Guðmundsson í Kastkúrum biður um styrk. Ákveðið var að yfirheyra hann, með því að hann hefur áður fengið styrk hjá Frammenningum, þar sem er ætlaður sveitlægur.

4. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~Pétur Friðriksson~~ G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Gunnar Gunnarsson
Þórður Torfason Ólafur Björnsson
Guðmundur Þorkelsson

Ár 1891, fimmtudaginn 9. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Þórður Þórðarson í Hábæ tilkynnir í brjefi 3. þ.m., að hann geti eigi haldið lengur Pétur Friðriksson, og var Ólafi Ólafssyni falið á hendur að koma honum fyrir.

2. Magnús Árnason og kona hans Halldóra Ólafsdóttir höfðu boðist til, að taka dóttur sína Guðrúnu, 8 ára, til sín gegn 60 kr. meðlagi. og var það samþykkt.

3. Katrín Árnadóttir biður um 4 kr. um mánuðinn til húsaleigu, í brjefi 12. f.m.; en henni voru veittar 1 kr. 50 a. um mánuðinn, eins og frá 1. janúar þ.á.

4. Frú Bernhöft segir í brjefi 23. f.m. til Guðrúnar Friðfinnsdóttur, sem hefur verið veik, og hafði henni verið komið fyrir hjá fyrri konu Eyþórs kaupmanns, gegn 40 aur. um daginn. Guðrún þessi er austan úr Holtahrepp.

5. Þorkell Sigurðsson, ~~Guðmundur~~ Bjarnason og ~~Þorkell~~ Sigurður Eiríksson voru húsnæðislausir. Ólafi Ólafssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var falið, að sjá um viðgjörð á Hala handa þ. Sigurðsyni og Guðmundi ~~[illegible]~~ Þórarinsyni; en Sigurður Eiríksson mundi fá ~~að~~ bústað í Garðhúsum, en Guðmundur Bjarnason skyldi sjálfur útvega sjer húsnæði.

6. Í brjefi dags. 1. þ. m. biður Jón Þórðarson í Laugarnesi um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var leyfið veitt.

7. Jón Theodor Josepsson frá Svangrund í Refasveit í Húnavatnssýslu biður í brjefi 8. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; var leyfið veitt, gegn því, að hann kvongaðist þegar.

8. Kristbjörg Jónsdóttir frá Breiðholti biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. En leyfinu var alveg synjað.

9. Andrjes Þorleifsson biður í brjefi 2. þ. m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; en honum var synjað um leyfi, sökum skeytingarleysis um hagi hans.

10. Sæmundur Guðmundsson í Langholti í Flóa ítrekar enn að nýju beiðni sína um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum (sjá fund 26. febr. þ. á.), og var leyfið veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  M. Friðriksson.  G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson

Jón Thoriksenson  G. Þorkelsson

Ár 1891, fimmtudaginn 23. dag aprílmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Kristín Grímsdóttir Kvedsteigi segist eigi geta veitt Guðrúnu Friðfinnsdóttur ~~eigi geta~~ húsrúm, þar sem hún hafi eigi greitt sjer húsaleigu frá nýári, nema því að eins að fátækranefndin ábyrgist húsaleiguna

frá nýári. Ákveðið var að greiða húsaleiguna frá 14. degi þessa mánaðar.

2. Guðrún Jóhannesdóttir í Mókoti biður um að mega halda þeim 10 kr. um mánuðinn, eins og hún hefur haft frá nýári; en því var neitað.

3. Þorsteinn Einarsson pjátursmiður frá Akureyri biður um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum, og var það veitt.

4. Andrjes Þorleifsson (sjá næsta fund á undan) sendir skýrslu um efnahag sinn, og var honum veitt tómthúsmannsleyfi hjer í bænum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Björnsson
Ólafur Ólafsson

Ár 1891, fimmtudaginn 15. dag maímánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Ólafur Þorvarðsson biður í brjefi í dag um sama húsaleigustyrk framvegis, sem hann hefur hingað til haft, 3 kr. um mánuðinn. Nefndin lofaði því að svo miklu leyti, sem hann gæti eigi borgað það sjálfur.

2. Runólfur Árnason biður í brjefi dags. í dag um, að fátækrastjórnin vildi borga húsaleigustyrk fyrir sig. Honum hefur ætluð húsaleigu á ættinni.

3. Elín Guðmundsdóttir biður um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum, og var það veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Kristinn H. Jónsson biður í brjefi dags 13. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

5 Karítas Andrjesdóttir biður í brjefi 14. þ.m. um leyfi til að dvelja hjer í bænum framvegis, og var það veitt.

6. Magnús Þórðarson í Njarðvíkum tilkynnir, að hann fái eigi lengur að vera þar lengur, og verði því að flytja hingað.

7. Sigurður Bjarnason biður um styrk til að reisa hús, sem hann hafi viðað grjóti að í vetur. Málinu var frestað til næsta fundar.

8. ~~Sæmundur~~ Guðmundur á Vegamótum ~~Jónsson~~ ~~biður~~ bauðst til, að taka Ingveldi Jónsdóttur úr Skaptafellssýslu fyrir 100 Kr. og var það samþykkt, með því að hún væri ekki flutningsfær.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson
Guðmundur Þorkellsson Ólafur Björnsson
Jón Thorsteinsson

Ár 1891, fimmtudaginn 28. d. maímánaðar var fundur haldinn í fátækranefndinni

1. Sigurður Bjarnason hafði beðið um styrk til húsgjörðar (sjá næsta fund á undan). Ákveðið var, að lána honum til þessarar húsgjörðar allt að 450 Kr., og semja við einhverja um hússmíðið, bæði að því er stein og við snertir.

2. Sigurbjörg Sigurðardóttir biður í brjefi dags í dag um styrk til að taka upp mó og flytja hann heim í haust. Ákveðið var að kaupa handa henni í haust 10–12 hesta af mó.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Landlæknirinn biður í brjefi 19. þ. m. að fógetinn vildi gjöra ráðstafanir til, að legukostnaður Málfríðar Jóhannsdóttur á spítalanum verði greiddur. Sveit hennar er Rosmhvalaneshreppur. Fátækranefndin tók að sjer ábyrgðina á borguninni.

4. Pjetur Þórðarson í Gothúsum biður um tómthúsmannsskuleyfi hjer í bænum. Honum var veitt leyfið, en þó með því skilyrði, að hann giptist unnustu sinni.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson.
G. Gunnarsson G. Þórðarson Ólafur Ólafsson
Gerður Torfason
Guðm. Guðmundsson
Þórh. Bjarnarson
Steindór Jónsson

Ár 1891, fimmtudaginn 11. dag júnímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Erlendur Hannesson tilkynnir í brjefi 11. þ. m., að dóttir hans Halldóra ætli til Ameriku og biður um 75 kr. henni og barni hennar til farareyris. Beiðni þessari var neitað.

2. Margrjet Björnsdóttir, kona Pjeturs Grímssonar, biður í brjefi dags. í dag fargjald fyrir sig og 2 börn sín til Ameriku 316 kr.; þessari beiðni var neitað algjörlega.

3. Þorkell Sigurðsson talsegir móður sína, því að hann geti eigi haldið hana, og var ákveðið að koma henni fyrir á góðum stað, og tókst Guðm. (Þorkelsson) (Björnsson) á hendur, að koma henni fyrir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Þorleifi Björnssyni hafði verið komið fyrir hjá Sveini í Sandgerði fyrir 100 kr um árið.
5. Gísli Björnsson hafði reikning, 6 kr. 88 a., fyrir vöku yfir drengs þíns heitins ..., og sem var hjá honum, og lyf handa honum, og var reikningurinn samþykktur.
6. Reikningur frá Eiríki í Þvervíkurkoti fyrir föt handa Kristjáni Kristjánssyni, 18 kr., og var reikningurinn samþykktur.
7. Samþykktur reikningur fyrir föt handa syni Péturs Illugasonar og að greiða fargjald fyrir hann til Dýrafjarðar.
8. Friðrik Ólafsson í Bakkoti á Seltjarnarnesi biður um tómthúsmennskuleyfi sjer í bænum og var það veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  Friðriksson  G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson  G. Gunnarsson
Guðm. Þorkelsson  Þórður Jensson

Ár 1891, fimmtudaginn 25. júní var fundur haldinn í fátækranefndinni
1. Jón Ingimundarson á Selsholti biður um 360 kr. lán til, að borga timbur, verkalaun og járn í ba- sinn. Ákveðið var að veita honum nauðsynlega hjálp í þeim skyni, þegar hann hefði komið upp stein- veggjum að bænum.
2. Jón Þórðarson í Bergskoti biður um 10 kr. hjálp til að fara norður á Sauðárkrók að leita sjer at- vinnu. Samþykkt var að veita honum þessa um- beðnu hjálp með því skilyrði, að hann auglýsi um það á tryggjandi hátt, að hyski hans þyrfti eigi styrks af fátækrasjóði meðan hann væri fjarverandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Ákveðið var að hjálpa Þorkeli Sigurðssyni og konu hans til Dýrafjarðar með strandferðaskipinu ef þau gætu komið 2 börnum sínum fyrir kostnaðarlaust fyrir fátækrasjóðinn meðan þau væru fjarverandi.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson G. Gunnarsson

Guðni Guðmundsson Ólafur Ólafsson

Guðmundur Þorkelsson Jón Þorsteinsson

Ár 1891, 9. dag júlímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Bæjarfógetinn lagði fram reikning frá hreppsnefnd Rosmhvalaneshrepps, að upphæð 187 kr. [illegible], fyrir Valdimar Ottesen sem hann hafði fengið í 4 mánuði, eða frá 8. janúar – 2. maí þ.á. Ákveðið var, að borga upp í þennan reikning 80 kr., eða 20 kr. fyrir hvern mánuð, og að auki fyrir læknishjálp 8 kr. 16 a.
2. Ákveðið var, að koma fyrir 2 börnum Dannhildar Jónsdóttur, sem bráðum mundi koma hingað ásamt þessum börnum sínum.
3. Ákveðið var, að koma fyrir Pálmari Ásgrímssyni, sem mundi koma hingað bráðum frá Auðsholti í Ölfusi; en væri 16 vetra, en óferminn.
4. Kristinn Guðmundsson biður í brjefi 20. f.m. um tómthúsmennskuleyfi sjer í bænum. Hann er 24 ára og einhleypur. Nefndin gat eigi veitt þetta leyfi, þar sem hjer væri að eins að ræða um lausamennsku.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson H. Friðriksson

G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson

Þórður Torfason Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1891, 23. júlí var fundur haldinn í fátækranefndinni.

1. Þórður Guðmundsson í Glasgow afsagði að halda lengur ómögunum Bjarna Jónssyni og Ásdísi Daðadóttur. Ákveðið var að útvega ómögum þessum nýjan samastað.

\+ 2. Formaður tilkynnti úrskurð landshöfðingja 7/9 f. m., þar sem fátækrasjóði Reykjavíkur er synjað um endurgjald fyrir sveitarskuld Steingríms Sveinbjarnarsonar frá framfærslusveit hans Ingjaldstaðahreppi, að upphæð Kr 69.42. Í sambandi við það var ennfremur tilkynnt brjef frá amtmanni E. Th. Jónassens dags. 19. þ. m., þar sem hann lýsir því yfir, að hann álíti eigi skyld að borga fátækrasjóðnum þessa skuld, ef bróðir Steingríms, Sveinbjörn ad- junkt Sveinbjarnarson vilji eigi greiða hana, og hafði amtmaðurinn farið þess á leit við hann.

3. Í brjefi dags. 9. þ. m. sækir Sighvatur Bjarnason fyrir ekkjuna Ranneigu Gísladóttur á Bala á Kjalarnesi um tomthúsmennskuleyfi handa henni. Málinu frestað til næsta fundar, til að leita upplýsinga um efnahag beiðanda.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson | G. Gunnarsson | Olafur Björnsson
Ólafur Ólafsson
Gunnlaugur Pjetursson
Jón Þorsteinsson

Ár 1891, þ. 13 ágúst færst fundur í fátækranefndinni fyrir, sökum þess að enginn mætti af ~~nefndarmönnum~~

Halldór Daníelsson

Ár 1891, þ. 27 ágúst var fundur haldinn í fátækranefndinni

1. ~~Ólafur~~ Sigurður Eiríksson biður í brjefi dags. í dag um styrk til eldiviðarkaupa ~~fyr~~ til vetrarins. Samþykkt var að hjálpa honum um 25 hesta af mó.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Guðrún Þorgrímsdóttir úr Seltjarnarneshreppi, sem liggur veik, hefur eigi enn tekist að koma fyrir til hjúkrunar, en hún verður að fara þaðan sem hún nú er um næsta mánaðamót. Samþykkt var að reyna enn til ~~næsta~~ mánaðamóta, að útvega Guðrúnu samastað, en takist það ekki að flytja hana þá á sjúkrahúsið.
3. Nefndin neitaði að greiða Runólfi Runólfssyni húsaleigu fyrir Skúla Jónsson, sem hann fór fram á í brjefi 28. f.m.
4. Út af beiðni frá Hinriki Árnasyni um styrk til fata var samþykkt, að fela Jóni Thorsteinsen fátækrafulltrúa að líta eptir fötum hans og útvega honum það sem hann nauðsynlega þyrfti.—
5. Rannveigu Gísladóttur frá Bala á Kjalarnesi var veitt tómthúsmennskuleyfi samkvæmt beiðni í brjefi 9. f. m.—
6. Beiðni um tómthúsmennskuleyfi frá Egli Jónssyni í brjefi dags. í dag var frestað til næsta fundar til að leita nánari upplýsinga.—
7. Formaður bar undir nefndina kæru Pjeturs Benedikts Daníelssonar til amtsins yfir því að nefndin hafði synjað honum um tómthúsmennskuleyfi. Samþykkt var að leggja til að Benedikt yrði ekki veitt þetta leyfi, af sömu ástæðum sem nefndin tók fram, þegar hún neitaði honum um leyfið.—
8. Gunnlaugi Pjeturssyni var falið á hendur að gangast fyrir því að gjört yrði við það á Bergstaða-bæ til þess afstýra leka, sem þar er nú.—

Allir á fundi, nema Halldór Friðriksson, sem var fjarverandi.—

Fundi slitið

Halldór Daníelsson

G. Gunnarsson

Þórður Torfason

G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson

Guðmundur Þorkelsson

Ólafur Björnsson

Guðm. Guðmundsson

Gunnl. Pjetursson

Skúli Þórisson

Ár 1891, fimmtudaginn 10. dag septembermánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer, og var dómkirkjuprestur sjera Jóhann Þorkelsson einnig á fundinum.

I. Fyrst var rætt um, að hverjum börnum skyldi stinga upp á, að fengju styrk til náms úr Thorkilliisjóði, og var stungið upp á þeim, sem nú skal greina.

| | | | kr |
|---|---|---|---|
| 1. | Pjetur Guðmundsson | f. 1/9 – 78. | 20. |
| 2. | María Guðmundsdóttir | f. 17/2 – 80 | 20. |
| + 3. | Björg Gísladóttir ~~(prests Hafsstad 8.)~~ | 27/7 – 77. | 20. |
| 4. | Jónína Guðný Guðnad. | 1/2 – 80 | 20. |
| 5. | Jón Antonsson | 28/8 – 78 | 20 |
| +6. | Jón Hjaltalín Sigurðsson (Ólafur Eyvindsson [illegible] 13 ára) | 15/10 – 78 | 20. |
| 7. | Nikulás Baldvin Jakobsson | 28/8 – 78 | 20 |
| 8. | Stefanía Stefánsdóttir | 7/12 – 77 | 20 |
| 9. | Þuríður Kristjánsdóttir | 4/2 – 78 | 20 |
| 10. | Guðlaug Jónsdóttir (Dukskoti) | Kára | 20. |
| 11. | Ragnheiður Egilsdóttir | (13 ára | 20 |
| 12 | Hans Ingi Hofmann | 12 ára | 20 |
| 13. | Guðrún Ólafsdóttir á Seli | 11. ára | 20 |
| 14. | Tryggvi Bjarnason | 7/11 – 77 | 20. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kr

15. Magnús Sigurðsson (Magnússon) 14 ára — 20.
16. Ragnheiður Jónsdóttir á Skipholti 13 ára — 20
17. Guðmundur Soffus Gunnlaugsson — 13 — 20
18. Halldóra Guðrún Magnúsdóttir Ofanl 13 — 20
19. Guðrún Gísladóttir — 12 — 20
+20. Edvard Siemsen — 14 — 20.
21. Björg Magnúsdóttir — 12 — 20
22. Guðfinna Jónsdóttir á Mýrarholti 13 — 20
23. Kristín Sigurðardóttir (Langavörð. 13 — 20
24. Sigurður Guðmundsson (Ofanleiti) 11 — 20
25. Guðrún Anna Guðbrandsdóttir — 12 — 20
26. Margrjet Jónsdóttir — á 10. ári 20.
~~27. Guðrún Hansdóttir~~
27 Regina Helgadóttir (Teitssonar) 13 — 20.
28. Margrjet Pálsdóttir í Pálsbæ. 10 — 20
29. Júlíus Árnason — 11 — 20
30. Ólína Hafliðadóttir — 10 — 20.
31. Kristinn Sigurðsson (Friðrikssonar) 10 — 20.
32. Jón Jónsson frá Mörk — 8 — 20.
33. Hermannía Sigr. Hermannsd. á Brekk. 13 — 20
34. Anna Magnúsdóttir (Hjermiðs. — 12 — 20 —
35. Skúli Sveinsson (Kaplaskjóli) 11 — 20.
36. Bjarni Sveinsson (Kaplaskj.) 10 — 20.
37. Sigríður Þórðardóttir — 11. — 20
38 Runólfur Jónsson — 10 — 20.
39. Jóhanna Eiríksd. (Efstabæ) 9 — 29
40. Sigurður Kristjánsson — 10 — 20.

Til vara

41. Sigr. Ísafold. Halldórsdóttir — 10 — 20.
42. Klaus Hansen (hattara) — 8 — 20.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Því næst var gjörð áætlun um tekjur og gjöld fátækrasjóðsins næsta ár, og var hún þannig:

A. Tekjur

| | |
|---|---|
| 1. Tíund ... | 150 kr |
| 2. Sektir og gjafir ... | 150 – |
| 3. Hundaskattur ... | 50 – |
| 4. Endurborgun frá öðrum sveitum — | 700 – |
| 5. Endurborgun frá innsveitismönnum | 400 – |
| 6. Borgun fyrir seldar reitur ómaga — | 80 – |
| | 1530 kr |

B. Gjöld

| | |
|---|---|
| 1. Til fastra ómaga ... | 4500 kr |
| 2. Til þurfamanna ... | 5500 – |
| 3. Til vitskóla ... | 500 – |
| 4. Til greptrunar ómaga ... | 100 – |
| 5. Lögflutningur ómaga ... | 100 – |
| 6. Fátækralyf og önnur óvís útgjöld. | 300 – |
| 7. Lán til annara sveita ... | 800 – |
| | 11,800 |
| þar frá dragast tekjurnar | 1530 |
| og verður þá eptir ... | 10,270 |

sem jafna verður niður á bæjarbúa.

III. Formaðurinn tilkynnir, að amtmaðurinn hafi staðfest synjun fátækranefndarinnar til Benidikts Danielssonar um tómthús-mennsku, í bréfi 9. þ.m.

IV. Í bréfi 4. þ.m. krefur sýslumaðurinn í Gullbringusýslu 8 kr. handa Rosmhvalaneshreppi, sem gefnar hafa verið með barninu Málfríði Bjarnadóttur og var talið sjálfsagt, að borga þessar 8 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Í brjefi 9. þ.m. biður Halldór Þórðarson á Bala um húsaleigustyrk, 2 kr. um mánuðinn, frá síðustu krossmessu. Honum ~~voru~~ veittar þessar 2 kr. um mánuðinn frá 1. þ.m.

VI. Ólafur Björnsson hjá Guðm. á Vegamótum biður 9. þ.m. um húsaleigustyrk, 2 kr. 50 a. um mánuðinn frá 1. júní þ.á. Honum voru veittar 2 kr. 50 a. um mánuðinn frá 1. þ.m.

VII. Hans Gísli Jónsson biður í brjefi 29. f.m. um fje til að gjöra við bæ sinn. Ólafur Ólafsson tók að sjer að skoða bæinn og skýra nefndinni frá ástandi hans.

VIII. Guðrún Magnúsdóttir í Grímsstaðaholti biður í brjefi 7. þ.m. um 24 kr. fyrir söku yfir Ólafi Björnssyni. Málinu frestað, til að fá skýrslu Guðm. á Vegamótum.

IX. Sveinn Bjarnason biður í brjefi 9. þ.m. um samþykki ~~fá~~ fátækranefndarinnar til að ganga að eiga Guðnýju Guðmundsdóttur, ekkju Jóns Erlendssonar, þess sem bjó á Grímsstaðaholti. Samþykkið var veitt.

X. ~~Í brjefi~~ Agli Jónssyni (sjá næsta fund á undan) var veitt leyfi sem tómthúsmaður með því beinu skilyrði, að hann giptist um veturnætur í haust.

XI. Þórður Þórðarson (Breiðfjörð) biður í brjefi dags. í dag um tómthúsmennsku leyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.

XII. Bjarni Guðmundsson biður í brjefi 3. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson ~~H.~~ Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

Þórður Jensson. Ólafur Ólafsson G. Gunnarsson G. Pjetursson

Steindór Jónsson [illegible] Guðm. Þorkelsson [illegible] Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1891, fimmtudaginn 24. dag septembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Viðvíkjandi bón Hans Gísla Jónssonar um viðgjörð á bæ hans (sjá næsta fund á undan), skýrði Guðm. Þórðarson frá, að þakið á bænum þyrfti aðgjörðar við; en gat þess jafnframt, að hann vildi fá útmælt stykki í Hlíðarhúsamýri, og væri fús á, að láta af hendi fyrir ekkert, torf af því stykki til að þekja bæinn með.

2. Einar Einarsson á Hálsholti býður til í brjefi 16. þ.m. til að taka Jóhönnu Guðmundsdóttur fyrir 55 kr. um árið. Málinu frestað til næsta fundar.

3. Sesselja Sigvaldadóttir biður um 6 kr. fyrir að sitja tvívar yfir konu Brynjólfs Eiríkssonar, og var það veitt.

4. Í brjefi 8. þ.m. skýrir amtmaður frá, að Skúli Jónsson, fyr á Mobergi, hafi fengið 12 kr. úr reikning fátækrasjóðs Reykjavík við verzlun M. Smiths árið 1884, og greitt þar 12 kr. aftur í fátækrasjóð hjá Bryde; og þannig getur nefndin Skúla eigi átt sveit hjer.

5. Hinrik Arnasyni var lofað Brókband, þar sem hann er kviðslitinn, og nauðsynleg föt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson
H. Kr. Friðriksson
G. Þórðarson
Guðm Þorkelsson
G. Gunnarsson
Þórður Tófason
Jón Þorsteinsson

Ár 1891, þ. 8. dag októbermán. var fundur haldinn
í fátækranefndinni.

1. Guðmundur Jóhannesson í Miðhúsum biður í bréfi
6. þ. m. um 30 kr. lán úr fátækrasjóði, gegn því að
endurborga lánið næsta ár af afla sínum. Samþykkt
var að veita honum þetta lán, með því að nefndinni
er kunnugt um að beiðandinn er bjargarlaus.
2. Ólafur Björnsson Laugavegi biður í bréfi 7. þ. m.
um styrk úr fátækrasjóði 5 kr. um mánuðinn.
Samþykkt var að styrkja hann eptir þörfum.
3. Guðrún Jóhannesdóttir í Mókoti biður í bréfi
3. okt. um viðbót við styrk þann, er hún fær nú
úr fátækrasjóði, þannig að styrkurinn verði 12 kr.
í staðinn fyrir 9 kr. um mánuðinn. Fátækra-
nefndin sá sjer ekki fært að sinna þessari beiðni.
4. Formaður tilkynnti að hann hefði veitt Helgu
Guðmundsdóttur í Arnarholti 20 kr. lán úr
fátækrasjóði gegn endurgjaldi frá Kjalarnes-
hreppi. Var það samþykkt.
5. Formaður tilkynnti bréf dags. 1. þ. m. frá Sveini
Ingimundarsyni á Seli, þar sem hann skorast
undan að styrkja Svein Benjamínsson son sinn
frekar en hann hefur áður gjört, með því hann hafi
ekki efni á því. Samþykkt var að fresta frekari
aðgjörðum í máli þessu þangað til á næsta fundi.
6. Reikningur frá Hirti Jónssyni og Snæbirni Jakobs-
syni fyrir tyrfing á Bergstöðum, að upphæð 16,17 au.
var settur niður í 13.60.
7. Lagt var fram tilboð frá P. C. Knudtzons verzlun
um að selja nauðsynjavörur handa þurfa-
mönnum í vetur; aðrar verzlanir höfðu
eigi gjört tilboð. Formanni var falið að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

semja við nefnda verzlun um lækkun á kolaverði og kaffiverði ef unnt væri; svo og að fá lagað verð á borðvorum ef þar fjellu í verði innan skamms eða væru þegar fallnar í verði. —

8. Framaðar tilkynnti brjef frá amtinu E. Th. Jónassen dags. ágúst 26. f. m. um að skuld Steingríms Sveinbjarnarsonar til fátækrasjóðsins 10 kr. og til sjúkrahússins 59 kr., sem fátækranefndin stóð í ábyrgð fyrir, var greidd af bróður Steingríms, Sveinbirni aðjunkt Sveinbjarnarsyni í Árósum, og hafði amtið sent formanninum þessa peninga með brjefinu. —

Gunnar Gunnarsson og Halldór Friðriksson var ekki á fundi.

Fundi slitið

Hannes Daníelsson G. Þórðarson Þórður Torfason
Guðm. Guðmundsson Gunnlaugur Pjetursson Ólafur Björnsson
Steindór Jónsson

Ár 1891, fimmtudaginn 22. dag októbermánaðar átti fátækranefndin fund með sjer:

1. Í brjefi hafði Benidikt Ásgrímsson beðið um 30–40 kr. lán, sem hann kvaðst mundu borga aftur í vetur. Honum voru veittar 30 kr.

2. Guðrún Jóhannesdóttir ítrekar enn að nýju bón sína um 12 kr. um mánuðinn. En nefndin gat eigi orðið við þeirri bón hennar.

3. Margrjet Guðmundsdóttir í Lindarbæ biður um húsaleigu 20 kr. um árið og 4 kr. um mánuðinn með barni sínu. Málinu frestað.

4. Í brjefi 20. þ. m. biður Kristján Egilsson frá Hjalla í Ölfusi um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum frá næstu krossmessu. En málinu var frestað, til þess að láta beiðandann útvega skýrslu hlutaðeigandi hreppstjóra um efnahag hans.

Fundi

Slitið.

Halldór Daníelsson. Tr. Friðriksson. G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Guðmundur Þorkelsson

Gunnlaugur Pjetursson Ólafur Björnsson

Guðm. Guðmundsson Jón Þorsteinsson

Ár 1891, fimmtudaginn 12. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 28. f. m. biður Torfi Vigfússon um styrk með börnum sínum ~~tveimur börnum~~ ~~sín~~ og Valgerðar Guðnadóttur. Ákveðið var, að borga honum meðgjöf með öðru barninu, eða taka það hingað og koma því fyrir hjer, en fyrir hinu yrði hann að sjá sjálfur.

2. Sigurbjörg Sigurðardóttir biður um 5 kr. styrk um mánuðinn í stað þriggja, sem hún hefur hingað til haft. Ákveðið var, að hún skyldi fá 4 kr. um mánuðinn frá 1. d. þ. m. fyrst um sinn til næstu krossmessu.

3. Í brjefi 10. þ. m. biður Jóhanna Malmkvist um 3 kr. um mánuðinn fyrir húsaleigu. Henni voru veittar 2 kr. um mánuðinn.

4. Guðrúnu Sigurðardóttur var ákveðið að hjálpa eptir þörfum.

5. Gissuri Guðmundssyni var ákveðið að veita 10 kr. um mánuðinn frá 1. d. þ. mánaðar sökum veikinda konu hans.

6. Þórður Stefánsson biður um styrk til viðgjörðar bæ sínum. Ákveðið var, að láta Steindór skoða bæinn og gjöra áætlun um kostnaðinn til næsta fundar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Ragnheiður Vigfúsdóttir biður um viðgjörð á gluggum á Blöndalsbæ, þar sem hún býr. Ákveðið var að bæta úr þessu, og tók Ólafur Ólafsson það að sjer.

8. Ákveðið var að koma dætrum Guðbjargar Oddsdóttur Sigríði Þórðardóttur og Þóru Níelsdóttur fyrir, Sigríði hjá Jóni Einarssyni yngra, og Þóru hjá Einari Eiríkssyni. ~~en m~~

9. Guðrúnu Friðfinnsdóttur hefur Benidikt Samsonsson lofað að skaffa fyrir 50 a. um daginn frá 10. þ.m.

10. Í brjefi 12. þ.m. hefur presturinn skorað á fátækranefndina, að útvega eptirfylgjandi börnum nauðsynlega kennslu:

a) börnum Ingiríðar Einarsdóttur, Margrjetu Vigfúsdóttur og Magnúsi Arnasyni, sem eiga sveit í Hálsasveit í Borgarfirði, og hafði hann komið þessum börnum fyrir hjá Sveini Guðnasyni, og var það samþykkt, og semja við Svein um kennslukaupið.

b, Gróu Jörgensdóttur, sem komin er á 15. árið, sem Þorleifur kaupmaður Jónsson hafði tekið að sjer að kenna; og skyldi Þórður Torfason semja um kennslukaupið.

c, Sigríði Þórðardóttur (sjá 8 hjer fyrir ofan). Gunnlaugi Pjeturssyni og Gunnari Gunnarssyni var falið á hendur að koma stúlkunni fyrir.

d, Sigurði Runólfssyni. Ákveðið var að skora á föður hans, að gefa drengnum nægan tíma til lesturs. Sigurður er 12 vetra.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Friðriksson G. Þórðarson
G. Gunnarsson
Ólafur Ólafsson
Þórður Torfason Ólafur Björnsson Gunnl. Pjetursson
Jón Þorsteinsson Steindór Jónsson Guðm. Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1891, 26. dag nóvembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 16. þ.m. biður Sigurður Bjarnason um meiri styrk en hann hefur, 18kr. um mánuðinn. Ákveðið var að bæta við 2kr. um mánuðinn, svo að hann fái 20kr um hvern mánuð frá 1. desember til næstu krossmessu.
2. Í brjefi 15. þ.m. biður Soffía Magnúsdóttir um hærra meðlag með Steinþóru Þorsteinsdóttur ~~Þorsteini Jónssyni~~, en hún hefur fengið, eða 40kr. um árið frá nýári 1892. Samþykkt var, að láta hana fá 40 kr. um árið frá nýári næsta.
3. Magnús Einarsson í Spanish Fork, biður um, að fátækranefndin sendi á næsta vori Sigríði dóttur sína með 2 börnum sínum til Ameríku. ~~[illegible]~~ Nefndin gat með engu móti orðið við beiðni þessari.
4. Í brjefi 22. f.m. biður hreppsnefndin í Rosmhvalaneshreppi, að fátækranefndin hjer vildi greiða henni 101kr. 57a., sem eptirstandi af skuld Valdimars Ottesens til Rosmhvalaneshrepps, þegar fátækra-útsvarið sje talið frá, sem á hann hafði verið lagt. Þar með fylgdi reikningur frá lækninum, að upphæð 8kr. 16a. Nefndin ákvað, að greiða peninga 8kr. 16a. fyrir lyf og læknishjálp, en láta að öðru leyti sitja við sitt fyrra boð, að borga 20kr. fyrir hvern mánuð af þeim 4, jan.–apríl. eða samtals 80kr.
5. Guðmundur Einarsson á Smiðjustíg biður um húsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.
6. Sigríði Þórðardóttur hafði Gunnlaugur Pjetursson tekið til sín (sjá næsta fund á undan).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
Gunnl. Pjetursson G. Gunnarsson Þórður Torfason
Ólafur Ólafsson Sveinn Guðmundsson
Guðmundur Þorkelsson
[illegible] Jónsson Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1891, fimmtudaginn 10. dag desembermán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Einar Bjarnason í Smiðjunni biður um 40 Kr lán úr fátækrasjóði; en þeirri beiðni var synjað.
2. Sigríður Jónsdóttir í húsi frú Siemsens biður um, að fátækranefndin borgi kvenmanni til að stunda hana. Málinu frestað fyrst um sinn, en Gunnari Gunnarssyni falið að greiða fram úr því, og gjöra það, sem nauðsyn bæri til.
3. Þorkell Valdimar Ottesen hefur fengið húsnæði í Geysi gegn 2 kr. um mánuðinn, gegn endurgjaldi úr fátækrasjóði.
4. Í brjefi dags. í gær óskar landlæknirinn, að Jónas Sveinsson verði lagður inn á spítalann. Forsetinn tók að sjer að tala við Schierbeck, og gjöra svo það, sem nauðsynlegt væri.
5. Í brjefi 1. þ.m. skýrir hreppsnefndin í Kjalarneshreppi, að hún borgi ekkert fyrir Svein Guðmundsson í Ánanaustum, en hann geti sjálfur komið upp á Kjalarnes.
6. Í brjefi 8. þ.m. biður Guðmundur Sveinsson í Bergþórshúsi um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað, unz beiðandinn skýrði frá efnahag sínum vandlega.
7. Einar Ísaksson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Hann á heima á Hliði á Álptanesi. En honum var neitaðum hið umbeðna leyfi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson G. Gunnarsson Þórður Torfason
Ólafur Björnsson Guðm. Guðmundsson
Gunnl. Pjetursson St. Thorsteinsson
Sigurður Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, mánudaginn 4. dag januarmán. átti Fátækranefndin fund með sjer.
Var þá tekið fyrir:

A. Að ákveða meðlög með ómögum og styrk til þurfamanna, og var það þannig gjört.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | f. Helga Emilia Möller | 12 vikna | Guðjón Þórólfsson | 80 |
| 2. | Benidikt Guðrúnarson | 14 | Margrjet Bjarnadóttir | 80 |
| 3. | Ingibjörg Guðmundsd. | 70 | Ólafur Sveinsson | 288. |
| 4. | Arelís Daðadóttir | 59 | Þórður Markússon | 90. |
| 5. | Guðrún Guðmundsdóttir | 7 | Hans Guðmundsson | 80 |
| 6. | Ólafur Guðnason | 13 | Ingileif á Miðgrund | 80 |
| 7. | Sigríður Andersdóttir | 11 | Þórður í Norðurkoti | 80 |
| 8. | Kristrún Ámundadóttir | 64 | Torfi Þorgrímsson | 150 |
| 9. | Finnbogi Finnbogason | 11 | Guðrún Jónsdóttir | 80 |
| 10. | Hallbera Guðmundsdóttir | 14. | Bergur Þorleifsson | 40 |
| 11. | Agnes Jónsdóttir | 79 | Sigríður Erlendsdóttir | 120 |
| 12. | Guðmundur Guðrúnarson. ó... | 9 | Magnús í Laxanesi | 80 |
| 13. | Sigríður Jónsdóttir | 59 | Helgi Teitsson | 120 |
| 14. | Jónína Guðrún Jónasdóttir | 9 | Antoníus Magnússon | 80 |
| 15. | Friðrik Guðnason | 8 | Skúli á Bakka | 80. |
| 16. | Magnús Magnússon | 8 | Guðlaug í Þorgrímshúsi | 80 |
| 17. | Kristján Jóhannesson | 11. | Erlendur á Breiðabólstað | 30 |
| 18. | Oddur Eggertsson | 12 | Kristján á Sölmundarhöfða | 60 |
| 19. | Kristjana Jóhannesdóttir | 7 | Rannveig Gísladóttir | 80 |
| 20. | Sigríður Guðmundsd. | 8. | Magnús á Eiði | 80 |
| 21. | Magnús Magnússon | 77. | Guðlaug Oddsdóttir | 120. |
| 22. | Jón Kristjánsson | 8 | Guðrún Steinsdóttir | 80 |
| 23. | Guðmundur Guðmundsson | 5 | Halldóra Árnadóttir | 80 |
| 24. | Ingiríður Einarsdóttir | 64 | Eyvindur Eyvindsson | 60 |
| 25. | Steinþóra Þorsteinsdóttir | 8 | Sofía Magnúsdóttir | 40 |
| 26. | Jón Jóhannsson | 67. | Magnús í Viðey | 40. |
| 27. | Sigríður Jónsdóttir | 10 | Hermann Guðmundss. | 80 |
| 28. | Sigurður Friðriksson | 13. | Jónas Jónsson | 80 |
| | | | Flutt – | 2398 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | Flutt | 2398 |
| 29. | Sigríður Ólafsdóttir | 78 | Markús Þórðarson | 90 |
| 30. | Jódís Tómasdóttir | 5. | Sigrún Guðlaugsd. í Helgabæ | 60 |
| 31. | Bjarni Jónsson | 70. | Eiríkur Bjarnason Eiði | 90. |
| 32. | Jón Jónsson | | Jón á Skógtjörn | 24 |
| 33. | Guðmundína Oddsdóttir | 4 | Hermann Guðmundsson | 80 |
| 34. | Jóhanna Guðmundsd. | 54. | Jón S. Benediktsson | 50 |
| 35. | Lýður Magnússon | 74. | Guðlaug Þorgrímsholti | 60. |
| 36. | Kristján Kristjánsson | 74. | Eiríkur í Þverárkoti | 96. |
| 37. | Pjetur Friðriksson | 9. | Gísli Guðmundsson | 80 |
| 38. | Guðrún Friðriksdóttir | 7 | Þórður Þórðarson í Hába | 80 |
| 39. | Sigurgeir Guðrúnarson | 3. | Snorri á Blikastöðum | 80 |
| 40. | Sigríður Pálína Pálsdóttir | 2. | Júríður Jörundsdóttir | 80 |
| 41. | Daníel A. Frímann Pálsson | 4. | Sigríður Bjarnadóttir | 80 |
| 42. | Jón Hansson | 13. | Gunnar Gunnarsson | 80 |
| 43. | Meyvant Hansson | 11. | Ólafur Björnsson | 80 |
| 44 | Guðbjörg Hansdóttir | 8 | Benedikt Jónsson seteri | 80 |
| 45. | Ágúst Guðmundsson | 8 | Runólfur Runólfsson | 80 |
| 46. | Elías Guðmundsson | 4. | Jón Björnsson | 80 |
| 47. | Oddur Jónsson | | Guðm. Guðmundsson | 45 |
| 48 | Emilía Gunnlaugsdóttir | | Sigurður Bjarnason | 40 |
| 49. | Erlendur Valdimarss. Ottesen | | Erlendi Hamarskyni | 30 |
| 50. | Málfríður Bjarnadóttir | 6 | Oddgeir Björnsson | 80 |
| 51. | Sigríður Þórðardóttir | 14. | Gunnl. Pjetursson | 50 |
| 52 | Þóra Níelsdóttir | 7. | Einar Eiríksson | 80 |
| 53. | ~~Þorleifur~~ Björnsson | 72. | Sveinn Bjarnason | 100. |
| 54. | Andriana Pjetursdóttir | 13. | Guðm. Guðmundsson | 60. |
| | | | Samtals | 4233 |

## B. Þurfamenn

| | | Kr. | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | Flyt | 576 |
| 1. | Jóhann Heilmann | 24 | 8 | Eggrún Eggertsdóttir | 48 |
| 2. | Valborg Ólafsdóttir | 120. | 9. | Helga Guðmundsdóttir | 144 |
| 3. | Guðrún Þorgrímsdóttir | 100. | 10. | Sigurbjörg Guðmundsd. | 60 |
| 4. | Sigríður Guðmundsdóttir | 72 | 11. | Einar Guðmundsson | 120. |
| 5. | Margrjet Pálsdóttir | 84 | 12. | Kristín Ásbjarnardóttir | 60 |
| 6. | Kristján Hróbjartsson | 96 | 13. | Ragnheiður Vigfúsdóttir | 250. |
| 7. | Jón Ingimundarson | 80 | 14. | Sigríður frá Bardi | 24 |
| | Flyt | 576 | | Samtals | 1282 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Flutt | 1282 | Flutt | 1743 |
| 15. Guðrún Jóhannesdóttir | 108 | 19. Helga Jónsdóttir | 60. |
| 16. Valgerður Guðnadóttir | 80 | 21. Didrika Hölter | 36. |
| 17. Sigurður Bjarnason. | 225 | 22. Guðrún Helgadóttir | 90 |
| 18. Sigurbjörg Sigurðardóttir | 48 | Samtals | 1929 |
| Flyt. | 1743 | | |

## C. Húsaleiga.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Sigríður Jónsdóttir í Vestur | Kr 24 | Flutt | 318 kr. |
| 2. Guðlaug Jónsdóttir | 24. | 13. Þorsteinn Jónsson | 24 |
| 3. Sigurður Eiríksson | 24. | 14. Einar Ólafsson | 36. |
| 4. Jóhanna Magnúsdóttir | 12. | 15. Sigrún Guðlaugsdóttir | 20 |
| 5. Dórótea Jónsdóttir | 24. | 16. Soffía Ólafsdóttir | 18 |
| 6. Pjetur Grímsson | 48 | 17. Halldór Þórðarson | 24 |
| 7. Sigurbjörg Sigurðardóttir | 30. | 18. Ólafur Björnsson | 30 |
| 8. Þorkell Eiríksson | 24. | 19. Jóhanna Malmkvist | 24 |
| 9. Marta Markúsdóttir | 24. | 20. Þork. Valdim. Ottesen | 24 |
| 10. Katrín Árnadóttir | 18 | 21. Ólafur Þorvarðarson | 36 |
| 11. Runólfur Arnason | 30. | 22. Magnús Jónsson Vesturgötu | 13–50 |
| 12. Ólafur Jónsson | 36 | | 567–50 |
| Flyt. | 318 | | |

## D. Vitstola

Elísabet Egilsdóttir . . . . . . . 500 kr.

Í brjefi, dags. 2. þ.m. biður Jóhann Guðmundsson um 50 kr. lán, sem hann mundi borga á næsta sumri. Var lánið veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson
Ólafur Ólafsson
Þórður Thorsteinson
Gunnl. Pjetursson
Steindór Jónsson
Guðm. Guðmundsson
Jón Borgþórsson(?)
Guðm. Þorkelsson
Ólafur Bjömsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, fimmtudaginn 14. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Jón Hannesson í Austurkoti tilkynnir í brjefi 4. þ.m., að hann geti eigi haldið Benidikt Sigfússon eins veikur og hann er, fyrir minna en 25 Kr. um mánuðinn. Ólafur Ólafsson og Gunnar tóku að sjer að kynna sjer allar ástæður, og var málinu því frestað.

2. Kristín Guðmundsdóttir tilkynnir í brjefi 7. þ.m., að hún geti eigi haldið lengur dóttursyni sínum Guðmundi Kristjánssyni Lange, á 10. ári, meðgjafarlaust, og óskar því að fá meðlag með honum af föðurins hálfu, og voru henni veittar 48 Kr. um árið, eða 4 Kr. um mánuðinn.

3. Benidikt Ásgrímsson biður í brjefi dags. í dag um styrk úr sveitar~~sjóði~~. Ákveðið var að hjálpa honum eptir þörfum.

4. Jóhannes Pjetursson á Seli biður um 40-50 Kr. lán, með því að hann hafi eigi getað fengið vinnu. Ákveðið var, að hjálpa honum eptir þörfum.

5. Guðmundur Guðmundsson á Laugavegi biður um 15 Kr. lán. Hann hafði fengið 10 Kr.

6. Gísli Kristjánsson á Akranesi biður um 50 Kr. lán; en hann hefur þegar fengið 25 Kr. Honum var veitt í viðbót allt að 15 Kr.

7. Sesselja yfirsetukona biður um kaup fyrir að sitja yfir Sigurveig Samsonsdóttur (konu Þorkels Eiríkssonar), og var það samþykkt.

8. ~~Í brjefi~~ Einar Ísaksson hafði beðið um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum (sjá fund 10. des.). En nefndin gat eigi veitt það leyfi, sökum fátæktar beiðandans.

9. Þorsteinn Björnsson á Minni-Vatnsleysu hafði beðið um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Nefndinni þótti skýrsla hans um efnahag hans ónóg, og gat því eigi veitt leyfið að sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Gísli Þórðarson á Hausthúsum biður um tómthúsmennskuleyfi. En nefndin neitaði um það leyfi, sökum fátæktar beiðandans.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Þórður Þórðarson
Sigurður Jónsson

Ár 1892. 28. dag janúarmánaðar var fundur haldinn í fátækranefndinni.

1. Guðfinna Pálsdóttir biður um 2 kr. húsaleigustyrk um mánuðinn framvegis og fyrir 3 undanfarna mánuði. Samþykkt var að neita Guðfinnu um húsaleigu en taka barn hennar fyrir með venjulegu meðlagi og skyldi formaður fara, að barnsfaðir hennar Vilhjálmur Halldórsson hefði lofað að greiða 100 kr. á ári með barninu.

2. Helga Sigríður Auðunsdóttir biður í bréfi dagsettu í dag um 2 kr. viðbót 4-5 næstu mánuði við styrk þann er hún fær úr fátækrasjóði. Samþykkt var að bæta við hana 2 kr. á mánuði frá nýári til 14. maí næstk.

3. Magnús Árnason Vesturgötu 50. biður um styrk til framfæris vinnu systur sinni Margrjetu Árnadóttur. Gunnari Gunnarssyni var falið að semja við Magnús um upphæð styrksins, er fátækranefndin vill veita, þó ekki meir en 5 kr.

4. Grímur Ólafsson bakari biður um 30 kr. lán úr fátækrasjóði. Samþykkt var að lána honum 30 kr. smátt og smátt eftir þörfum.

5. Sigurður Jónsson Byggðarenda biður um 20 kr. lán til næstu kauptíðar. Formaður gat þess, að hann hefði lánað Sigurði 10 kr. úr fátækrasjóði, af því hann var bjargarlaus. Það var samþykkt, svo og að lána honum 10 kr. í viðbót, ef hann leitaði þess.

6. Árni Árnason Bjarnaborg biður um ábyrgð fátækra-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndarinnar fyrir húsaleigu, 3 kr. á mánuði til Ólafs
Björnssonar á Bakka. — Fátækranefndin sá ekki annað fært,
en að takast þessa ábyrgð á hendur frá útaf 6. nýári
með því að hún annars mundi verða húsnæðislaus.

7. Jóhanna Magnúsdóttir Vindheimi biður um 4–5 kr. styrk
næstu 3 mánuði. Samþykkt var að veita henni 4 kr. um
mánuðinn, febrúar, marz, og apríl. —

8. Samþykkt var tilboð frá Þórði Pjeturssyni í Oddgeirsbæ
um að halda áfram Guðrúnu Jónsdóttur fyrir 10 kr.
meðlag um árið, ef Sigurður Þórðarson í Steinhúsi
sem Guðrún er nú hjá, vill ekki halda hana fyrir
þetta meðlag. —

9. Samþykkt var að greiða Þóri Hannessyni fyrir hjúkrun
á Benedikt Vigfússyni frá 15. des. f. á. til 15. þ. m. 25 aura
á dag, og frá 15. þ. m. 2 kr. á mánuði í húsaleigu
til [illegible]. —

10. Gísli Þórðarson Hausthúsum ítrekar í annað sinn
(sjá útdrátt fund No. 10) beiðni sína um bæjarleyfi og
telur upp eigur sínar (föt í kistu, [illegible] [illegible]
og 3 kistur). Fátækranefndin gat eigi eptir þessari
skýrslu breytt skoðun sinni um að Gísli væri með
öllu öreigi, og neitaði honum því enn um hið um-
beðna leyfi. —

11. Sigurður Jakob Sigurðsson Görðum á Útskálum biður
í bréfi 6. þ. m. um bæjarleyfi. Með því að beiðandinn
eptir skýrslu sjálfs sín er alveg efnalaus maður
synjaði nefndin honum um hið umbeðna leyfi. —

12. Gunnlaugur Pjetursson bar fram beiðni frá Guðrúnu
Steinsdóttur í Vesturgötu um styrk til að lifa
2–3 næstu mánuði. Samþykkt var að veita henni
nokkrar krónur eptir þörfum. —

Fundi slitið

Ólafur Ólafsson Halldór Daníelsson G. Þórðarson
Þórður Torfason G. Gunnarsson
Guðm. Þorkelsson Gunnl. Pjetursson [illegible] Þorsteinsson
Ólafur Björnsson Guðm. Guðmundsson Steindór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, fimmtudaginn 11. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Ragnheiður Sigurðardóttir biður í brjefi dags. í dag um styrk sökum bágynda sinna og bjargar leysis. Ákveðið að hjálpa henni eptir þörfum.

2. Bjarni Pálsson biður um 10 kr. styrk um mánuðinn. Ákveðið, að reyna til, að koma honum fyrir. Steindór og Ólafur tóku að sjer að reyna, að koma honum fyrir til næsta fundar.

3. Magnús Magnússon biður í brjefi 9. þ.m. um 50 kr. lán gegn ~~lan~~veði í bæ sínum. Ákveðið var, að fátækranefndin gæti eigi orðið við þessari bón en beiðandinn gæti leitað til bankans.

4. Magnús Árnason biður í brjefi 3. þ.m. biður um sama meðlag með ~~Guðrúnu~~ Margrjetu ~~dóttur~~ syttur sinni, sem hann hafði síðasta ár, þetta yfirstandandi ár, og var það samþykkt.

5. Í brjefi 3. þ.m. biður Skúli Jónsson um húsastyrk framvegis. En ákveðið var, að svara því, að nefndinni þætti eigi ástæða til, að veita þennan styrk, þar eð stjúpsonur hans Runólfur ~~Árnason~~ Runólfsson bæði gæti ljeð honum húsrúm og væri skyldur til þess, að sjá fyrir móður sinni og stjúpföður.

6. Sigurður Friðriksson biður í brjefi 10. þ.m. um 30 kr. lán. Ákveðið var, að hjálpa honum eptir þörfum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson    Fr. Friðriksson.    G. Þórðarson
G. Gunnarsson    Ólafur Ólafsson    Þórður Torfason
Gunnl. Pjetursson    Lúð. Thorsteinsson    Steindór Jónsson

Ár 1892, 25. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin í Reykjavík fund með sjer.

1. Jón Jónsson, á Skógtjörn, biður í brjefi 20. þ.m. um hækkað meðlag með Jóni Gunnarssyni sínum

á 11. ári, sem heitir Jón, svo að hann fái 3 kr. um mánuðinn með honum, og var það veitt.

2. Í brjefi 25. þ.m. skorar dómkirkjupresturinn, að fátækrastjórnin annist um, að stúlkan Elín Guðmundsdóttir á 16. ári í Norðurbæ á Sauðagerði fái aukna kennslu, svo að hún gæti staðfest í vor. Foreldrarnir eru Guðmundur Jónsson og Guðlaug Jónsdóttir úr Grindavík. Fátækranefndin lofaði að annast þetta.

3. Hinrik Arnarson biður um 3 kr. um mánuðinn til húsaleigu og aðhjúkrunar. Málinu frestað með því að fátækranefndin taldi víst að hann fengi hvorttveggja kauplaust þar sem hann væri nú, á Lambastöðum.

4. Guðrún Jónsdóttir biður um húsaleigu, 1½ kr. um mánuðinn, fyrir Dedrikur Hölter, og var það veitt frá 1. jan. þ.á. til 14. maí í vor.

5. Margrjet Guðmundsdóttir biður um 20 kr. í húsaleigu um árið. Henni voru veittar 18 kr. um árið frá 1. jan. þ.á.

6. Markús Þórðarson biður um hækkað meðlag, 100 kr. úr 90 kr., fyrir Sigríði Ólafsdóttur, sem sje orðin alblind, og var það veitt.

7. Brynjólfur Eiríksson biður ~~?~~ um ýmsa hluti til útbúnings sjer um vertíðina. Málinu frestað til næsta fundar, til að grennslast fyrir um, hvar hann muni róa í vetur.

8. Einar Ólafsson tilkynnir nefndinni, að hann ætli að byggja hús við Laugaveg, og biður um 300 kr. lán til þess. Málinu frestað til næsta fundar.

9. Meðlag með ~~Sigr~~ Jóhönnu Guðmundsdóttur hjá Jóni Benidiktssyni var hækkað uppí 60 kr.

10. Sigríði Þorláksdóttur var lofuð hjálp, sem hún nauðsynlega þyrfti.

11. Oddviti hreppsnefndarinnar í Akraneshreppi kveðst hafa lánað Gísla Kristjánssyni vörur upp á 50 kr. 70 a., sem hann heimtar sjer endurborgaðar. Ákveðið var, að taka Gísla upp.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Ólafur Björnsson bar það fram, að Magnús Árnason á Vesturgötu nr. 50. hefði afragt að halda Margrjetu systur sína lengur. Ákveðið var, að reyna að koma henni fyrir með sem minnstu meðlagi, að auðið væri, og tókust það á hendur Gunnlaugur Pjetursson og Ólafur Björnsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson G. Gunnarsson Þórður Torfason
Jón Thorsteinsson Ólafur Björnsson Sveinbjörn Jónsson
Guðm. Guðmundsson Gunnl. Pjetursson Guðm. Þorkelsson

Ár 1892, fimmtudaginn 10. dag marzmánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Páll Jónsson í Melshúsum biður um, síðsinnis, að fátækranefndin greiði fyrir sig vexti af skuld sinni til landsbankans, 158 kr., tveggja ára vexti, og var það veitt.
2. Ólafur Þórðarson í Kasthúsum biður í bygging 24. fm. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum; en honum var synjað sökum fátæktar, með því hann væri svo ungur (sem tvítugt) og óráðinn.
3. Hrossamannahreppi voru lánaðar 20 kr. handa Runólfi Einarssyni til næsta vors.
4. Sigurði Björnssyni á Regnimel voru veittar um 15 kr. til skinnklæða.
5. Margrjetu Árnadóttur (sjá næsta fund á undan) var komið fyrir hjá Guðmundi Jónssyni við Bakkastíg fyrir 60 aura á dag, og var það samþykkt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Gunnl. Pjetursson
Sveinbjörn Jónsson Ólafur Björnsson Þórður Torfason
Guðm. Guðmundsson Guðmundur Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, fimmtudaginn 24. dag marzmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Sigurður Bjarnason biður í brjefi 23. þ.m. um aukinn mánaðarlegan styrk. Ákveðið var, að auka styrkinn um 5 kr. um mánuðinn, apríl og maímánuð.
2. Einar Einarsson í Háholti bauðst til að taka Jóhönnu Guðmundsdóttur fyrir 40 kr. um árið, og var gengið að því boði, þó svo, að eigi var þar fyrir skuld-ur tekið, ~~og~~ málinu frestað til næsta fundar.
3. Sjera Þórður Ólafsson bauðst til í brjefi 18. des. f.á. til að taka Jón Hansson fyrir 45 kr. um árið til þess hann væri 14 ára, og var gengið að því boði.
4. Formaður skýrði frá svari hreppsnefndarinnar í Þverárhreppi og sýslumannsins í Húnavatnssýslu, að hann telji svo, að styrkur sá, sem Skúli Jónsson hafði fengið úr fátækrasjóð Reykjavík, hefði eigi verið reglulegur sveitarstyrkur, og þess vegna hefði Skúli unnið sjer sveit í Reykjavík.
5. Arnór Jónsson í Vorsabæ í Ölfusi biður í brjefi 23. dag þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. En honum skyldi svarað því, að nefndin gæti eigi veitt honum hið umbeðna tómthúsmannsleyfi, þar sem skýrsla hans væri með öllu ónóg um efnahag hans.
6. Magnús Magnússon hafði viljað fá 16 kr. fyrir að kenna Elínu Guðmundsdóttur í vetur; og kom nefndinni saman um, að borga honum 16 kr. fyrir þessa kennslu, svo framarlega sem kennslan yrði svo, að stúlkan yrði fermd í vor; en annars mundi nefndin borga minna fyrir kennsluna.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson M. Friðriksson G. Þórðarson
G. Gunnarsson Þórður Torfason Guðmundur Þorkelsson
Steindór Jónsson Jón Þorsteinsson Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, fimmtudaginn 28. dag aprílmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer:

1. Í brjefi 11. þ.m. biður Rannveig Guðbrandsdóttir, að fátækranefndin vildi greiða meðlag með barni hennar og Kristjáns Skósmiðs það, sem föðurnum beri. Afráðið var, að leggja út þær 30 kr., sem ávantaði meðgjöfina þetta árið frá föðurins hendi.
2. Í brjefi 30. f.m. biður Jarþrúður Þórarinsdóttir um að minnsta 30 kr. styrk handa sjer og 2 börnum sínum, á 3. og 1. ári, og var afráðið, að veita henni hjálp, ef nauðsyn krefði.
3. Þuríður Jörundsdóttir biður í brjefi 27. þ.m. um húsaleigu fyrir Þorstein bakara frá síðasta nýári til 14. næsta maímánaðar, og var samþykkt, að greiða henni 2 kr. um mánuðinn samkvæmt áætluninni.
4. Pjetur Grímsson biður um, að mega flytja í gömlu prentsmiðjunni. Var samþykkt, að hann mætti flytja þangað gegn því, að fátækranefndin greiddi að eins 3 kr. um mánuðinn.
5. Benidikt sótari hafði tilkynnt, að hann gæti eigi haldið lengur sökum heimilisástæða sinna Guðbjörgu Hansdóttur. Var Guðmundi Guðmundssyni falið á hendur að koma Guðbjörgu fyrir.
6. Jakob Eiríksson frá Litla-Hólmi í Leiru spyrst fyrir um, hvort bæjarstjórnin vildi selja hið svo nefnda Guðjónshús á Grímsstaðaholti. Samþykkt var að selja húsið fyrir 800 kr., ef hann borgaði 200 kr. upp í það undir eins, og 100 kr. árlega afborgun.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Guðjón Guðmundsson í Nýjabæ biður í brjefi 28. f.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Þeirri beiðni var synjað, með því að hann væri bláfátækur unglingur.
8. Í brjefi dags. 9. jan. þ.á. biður Guðlaug Jónsdóttir, ekkja, á Reykhólum í Reykhólasveit, um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  Friðriksson  G. Þórðarson
O. Gunnarsson  Ólafur Ólafsson  Guðm. Guðmundsson

Ár 1892, laugardaginn 14. dag maímánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Katrín Árnadóttir biður um húsaleigustyrk og til lífsviðurværis í brjefi 10. þ.m. Henni hefur verið ætlað 18 kr.
2. Jóhanna Magnúsdóttir biður um 4 kr. um mánuðinn. Fátækranefndinni þótti eigi ástæða til að veita henni að sinni meira en þær 12 kr., sem henni hafa verið ætlaðar.
3. Sjera Kjartan á Vatni beiðist 50 kr. meðlags með Ragnheiði Pálsdóttur. En nefndinni þótti eigi ástæða til að greiða þessa meðgjöf nema amtsúrskurður væri fyrir því.
4. Hans Jónsson kveðst geta komið Guðbjörg dóttur sinni fyrir í Görðum hjá sjera Þórði Ólafssyni gegn 60 kr. meðlagi á ári, og var það samþykkt.
5. Ólafur Ólafsson í Bjargarsteini biður um, að sjer verði útvegaður verustaður; en nefndin

taldi, að hann gæti útvegað sjer húsrúm sjálfur.

6. Ákveðið var að koma 2 börnum Hans Guðm. heitins Jónssonar fyrir, hinu elzta hjá Einari á Kleppi fyrir 65 Kr., en hinu yngsta hjá Guðmundi Gíslasyni fyrir 80 Kr., en að öðru leyti styrkja ekkjuna með 12 Kr. um ~~mánuðinn~~ núna fyrst um sinn.

7. Gísli Þórðarson í Hausthúsum biður enn aðnýju um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var enn synjað um þetta leyfi.

8. Benidikt Vigfússyni var veitt 2 Kr. um mánuðinn fyrir hús og aðhlynningu.

+

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson

G. Gunnarsson Þórður Jónsson Gunnl. Pjetursson

Ólafur Björnsson Guðm. Guðmundsson

Ólafur Ólafsson Guðmundur Þorkelsson Steindór Jónsson

Ár 1892, fimmtudaginn 9. dag júnímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 9. þ.m. biður Guðm. Guðmundsson ~~um aukinn styrk~~ vegna veikinda konu sinnar, 5 Kr. um mánuð hvern. Fátækranefndin ákvað, að fela Steindóri Jónssyni, að kaupa hið allranauðsynlegasta af rúmfatnaði handa konunni fyrir 10–12 Kr.

2. Guðrún Sigurðardóttir biður um 2 Kr. um mánuðinn í húsaleigu frá 1. d. næsta mánaðar til næstu krossmessu. Var það samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Guðfinna Pálsdóttir biður í brjefi 28. f.m. um 10–12 kr. lán til fata. Henni voru lánaðar 10 kr.

4. Henrik Arnason biður um 12 kr. ~~lán~~ til skinnklæða o.fl., í brjefi 11. f.m. Ákveðið var, að tala við Ingjald á Lambastöðum um hann, og var Gunnari Gunnarssyni falið á hendur að semja við Ingjald um það efni.

5. Guðmundur Gutmundsson skólapiltur biður í brjefi 23. f.m., að sjer sje borgað meðlag það, sem Sveinn Arnason á Seli á að greiða Guðrúnu Filippusdóttur á Þingskálum með barni þeirra, 50 kr. En með því ekkert vottorð var komið um það, að hún þyrfti þessa styrk við, sá fátækranefndin sjer eigi fært að borga þetta sje að svo stöddu.

6. Í brjefi dags. 30. f.m. spyr sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu, hvort hún samþykkti eigi, að stúlkan Vilborg Sigurðardóttir verði flutt fátækraflutningi til Reykjavíkur, með því að hún á sveit hjer, og var það samþykkt.

7. Ákveðið var, að reyna að koma Arndísi Daðadóttur fyrir með 100 kr. meðgjöf um árið, ef eigi gengi betur.

8. Ákveðið var, að koma 2 yngstu börnum Sigurðar Bjarnasonar fyrir.

9. Í brjefi 12. f.m. biður Sigurður Jónsson um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.

10. Helgi Runólfsson, sunnan af Miðnesi, biður í brjefi 18. f.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það leyfi veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Sigurður Guðmundsson í Pálsbæ biður í brjefi ódagsettu um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En beiðni hans var synjað.

12. Arnór Jónsson frá Vorsabæ í Ölfusi ítrekar bón sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum (sbr. fund 24. dag marzmánaðar þ. á.). Leyfið var veitt, ef hann hefði eigi þegið af sveit, eða væri búinn að borga þá skuld, ef ~~hún hefði~~ verið nokkur, en annars gæti hann eigi fengið leyfið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~H.~~ Kr. Friðriksson. G. Sigurðarson

G. Gunnarsson Olafur Ólafsson Þórður ~~Jónsson~~ Guðm Guðmundsson Olafur Björnsson Jón Thorsteinson Sveindór Einarsson

Ár 1892, 23. júní átti fundur að vera í fátækranefndinni en með því að eigi mættu aðrir af nefndarmönnum heldur en Gunnar Gunnarsson, varð ekki af fundinum.

Halldór Daníelsson

Ár 1892, 14. dag júlímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Kristín Guðmundsdóttir í Hólakoti biður í brjefi 29. f. m. um meðgjöf með barni dóttur sinnar og Þorleifs Jóelssonar, og að ná meðgjöfinni af föðursins hálfu. Ákveðið, að bæjarfógeti skrifaði norður, en málinu frestað að öðru leyti.

2. Þórður Stefánsson biður í brjefi 28. júní um styrk til viðgjörðar bæ sínum. Honum skyldi svarað, að fátækranefndin fyndi enga ástæðu til slíks styrks.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Í brjefi 13. þ.m. biður Jón Arnljótsson um styrk handa konu sinni og 2 börnum í sumar, meðan hann sje norður í landi. Brjefinu eigi sinnt.

4. Í brjefi 24. f.m. tilkynnir formaður hreppsnefndarinnar í Akraneshrepp, að Gísli Kristjánsson hafi hjá hreppsnefndinni fengið vörur upp á 20 kr., og sömuleiðis fyrir meðalahjálp 1 kr. 65 a., og beiðist þess, að þessar 21 kr. 65 a. verði hreppsnefndinni endurborgaðar.

5. Reikningur lagður fram frá Gunnari Gunnarssyni upp á 18 kr. 90 a. fyrir föt handa Þorgrími Jónssyni frá Bergskoti.

6. Lögð fram skýrsla frá sjera Ólafi Ólafssyni á Lundi um veikindi Einrisíönu Þorkelsdóttur.

7. Jónas Ólafsson hafði fengið styrk til greptrunar konu sinnar, nál. 31 kr.; en hann mun eiga sveit í Stokkseyrarhrepp.

8. Guðbjörg Oddsdóttir á Brimnesi við Seyðisfjörð hafði í brjefi 25. f.m. beiðst, að fá báðar dætur sínar sendar austur; en fátækranefndin sendi að eins hina yngri, Þóru Níelsdóttur, en hin var komin nær fermingu; og þótti því nefndinni rjettara, að senda hana eigi, fyr en hún væri fermd.

9. Í brjefi 20. júní tilkynnir hreppsnefndin í Helgafellssveit, að hún hafi orðið að ~~koma~~ stúlkunni Vilborgu Sigurðardóttur fyrir með 1 kr. meðgjöf um vikuna. Og mundi hún verða send hingað með næstu gufuskipsferð.

10. Fátækranefndin samþykkti, að Sigríður Auðunsdóttir mætti koma börnum sínum fyrir í sumar upp á 12 kr. 33 a. um mánuðinn (eða fyrir fulla meðgjöf), en færi sjálf upp í sveit til að útvega sjer vinnu.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson. G. Þórðarson

Ólafur Ólafsson Steindór Jónsson Þórður Þorsteinsson

Ólafur Björnsson Jón Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, fimmtudaginn 28. dag júlímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Þorsteinn Narfason heimtar húsaleigu fyrir Þorstein Jónsson bakara, frá 14. maí þ. á., 3 Kr. um mánuðinn, en nefndin gat eigi veitt meira en 2 Kr. um mánuðinn, eins og honum var ætlað í vetur.
2. Þuríður Þórðardóttir hafði í brjefi 25. þ. m. beðið um styrk sökum veikinda, en með því hún er annars hjá (Rafni skóara), sá nefndin enga ástæðu til að veita þennan styrk.
3. Gunnar Gunnarsson beiddist húsaleigu fyrir Magnús Jónsson, 3 kr. um mánuðinn, og var það veitt frá 1. degi þ. m.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  Friðriksson  G. Gunnarsson
G. Þórðarson  Olafur Ólafsson
Arndór Jónsson
Jón Thorsteinson

Árið 1892, fimmtudaginn 11. dag ágústmánaðar átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Ákveðið var, að koma fyrir barni Sigríðar Ásbjarnardóttur, sem fæddist síðasta laugardag hinn 6. þ. m.; en hún er vinnukona Nikulásar Sigvaldasonar.
2. Ákveðið var, að láta flytja á sinn hrepp, Kjósarhrepp, Maríu Jónsdóttur, með þremur börnum sínum, sem er hjá Jóni Þórðarsyni á Bjargarsteini, með því að hún hefur beiðzt sveitarstyrks.
3. Samþykktur reikningur frá H. Th. A. Thomsen, 5 kr 57 a. fyrir fataefni handa Sigríði Jónsdóttur á Vesturgötu.
4. Lagður fram reikningur frá Guðmundi Þorkelssyni fyrir Jóhannes Guðmundsson upp á 52 Kr. fyrir 12 daga alls. Þessum reikningi var frestað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Samþykkt var að greiða úr fátækrasjóð meðlag með Majendínu Kristjánsdóttur frá 1. júlí þ.á. gegn endurgjaldi frá föðurnum Kristjáni Guðmundssyni.
5. Í brjefi 2. þ.m. beiðist Árni Þórðarson um leyfi til tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum handa Einari Einarssyni á Eystri-Sandvík í Sandvíkurhrepp. Málinu frestað.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. H. Friðriksson. Ólafur Ólafsson
Ólafur Björnsson

Ár 1892, fimmtudaginn 25. dag ágústmánaðar var fundur haldinn í fátækranefndinni:—

1. Brynjólfur Eiríksson biður í brjefi 15. þ.m. um hjálp til að sementera hús sitt og byggja útiskúr við það. Samþykkt var að skoða húsið og fá álitum um, hve mikið hin umbeðna viðgjörð mundi kosta.
2. Einvinana Þorkelsdóttir biður í brjefi dags. í dag um hjálp af fátækrasjóði í veikindum sínum og að henni verði sjálfri leyft að hagtera styrk þeim, sem henni verði veittur. Samþykkt var að styrkja hana með allt að 8 krónum á mánuði, meðan heilsa hennar er svo varið sem nú er.
3. Samþykkt var eptir kröfu Guðrúnar Filippusdóttur á Þingskálum á Rangárvöllum að greiða meðlag af föðurins hálfu með barni hennar og Sveins Árnasonar á Litlaseli hjer í bænum, Jóni að nafni, samkvæmt amtsúrskurði 19. nóv. 1892, og jafnframt ályktað að senda Svein og hyski hans hjeðan burtu á sveit sína jafnskjótt og hann kemi hingað aptur úr kaupavinnunni

4. Reikningur yfir kostnað við gæslu og vöku yfir Jóhannesi Guðmundssyni í veikindum hans, að upphæð alls 52 Kr. 94 var samþykktur. —

Fundi slitið

Halldór Daníelsson
G. Gunnarsson G. Þórðarson
Ólafur Björnsson
Guðmundur Þorkelsson
Þórður Guðjohnsen
Jón Thorsteinsson

Ár 1892, fimmtudaginn 8. dag september ~~ágúst~~mánaðar átti fátækranefndin fund með sjer, og var dómkirkjupresturinn þar við staddur.

I. Fyrst var rætt um, hverjum börnum nefndin skyldi stinga upp á, er fá skyldu styrk úr Thorkilliisjóði, og voru það þau, sem nú skal greina

1. María Guðmundsdóttir f. 17/2-80 — 20 Kr.
2. Þórdís Hafliðadóttir — 9 ára — 20 —
3. Jósefína Guðný Guðmundsdóttir f. 7/2-80 — 20 —
4. Jón Antonsson — f. 28/8-78 — 20 —
5. Guðrún Eyvindsdóttir — ~~f.~~ 12 ára — 20 —
6. Nikulás Baldvin Jakobsson f. 28/8-78 — 20 —
7. Guðlaug Jónsdóttir, Dúkskoti 13 ára — 20 —
8. Pjetur Egilsson — 12 ára — 20 —
9. Hans Ingi Hoffmann 13 ára — 20 —
10. Guðrún Ólafsdóttir á Seli 12 ára — 20 —
11. Magnús Sigurðsson 12 ára — 20 —
12. Guðfinna Jónsdóttir, Skipholti 11 ára — 20 —
13. Guðm. Sofus Gunnlaugsson 14 — 20 —

Flyt. 260 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt | | 260 kr. |
| 14. | Magnús Magnússon, Ofanleiti | 13 ára | 20 kr. |
| 15. | Guðrún Gísladóttir | 13 | 20 |
| 16. | Sigurður Guðmundsson, Ofanleiti | 12 | 20 |
| 17. | Bjarni Jónsson, Mýrarholti | 10 | 20 |
| 18. | Guðrún Anna Guðbrandsdóttir | 13 | 20 |
| 19. | Margrjet Jónsdóttir | á 11. ári | 20 |
| 20. | Regína Helgadóttir Steink. | 14 ára | 20 |
| 21. | Margrjet Pálsdóttir í Pálsbæ | 11 | 20 |
| 22. | Júlíus Árnason | 12 ára | 20 |
| 23. | Ólína Hafliðadóttir | 11 | 20 |
| 24. | Kristinn Sigurðsson (Frederiks) | 11 | 20 |
| 25. | Jón Jónsson frá Mörk | 9 | 20 |
| 26. | Anna Magnúsdóttir (Hjesmiðs) | 13 | 20 |
| 27. | Einar Hermannsson | 11 | 20 |
| 28. | Skúli Sveinsson, Kaplaskjóli | 12 | 20 |
| 29. | Bjarni Sveinsson, do. | 11 | 20 |
| 30. | Sigríður Þórðardóttir | 12 | 20 |
| 31. | Runólfur Jónsson (Stöðvak.) | 11 | 20 |
| 32. | Jóhanna Eiríksdóttir (Hjáleðu) | 10 | 20 |
| 33. | Sigurður Kristjánsson | 11 | 20 |
| 34. | Sigr. Ísafold Halldórsdóttir | 11 | 20 |
| 35. | Klaus Hansen (hattara) | 9 | 20 |
| 36. | Valgerður Jóhannsdóttir | 10 | 20 |
| 37. | Jóhannes Magnússon (Finnssonar) | 13 | 20 |
| 38. | Jóhannes Kristinsson | 10 | 20 |
| | Flyt. | | 760 kr. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Flutt | 760 kr |
| 39. | Jónína Magnúsdóttir | c. 12 ára | 20 — |
| 40. | Sigríður Guðlaug Jónsdóttir | 11 ára | 20 — |
| | Til vara. | | |
| 41. | Margrjet Jóhannsdóttir (Straba) | 13 ára | 20 — |
| 42. | Sigríður Ólafsdóttir (Þorkelsson) | 11 — | 20 — |
| | | Samtals | 840 kr. |

II. Því næst var gjörð áætlun um tekjur og útgjöld fátækrasjóðsins árið 1893, og var hún þannig:

A. Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fátækratíund | 150 kr. |
| 2. | Sektir og gjafir | 170 — |
| 3. | Hundaskattur | 70 — |
| 4. | Endurborgun frá öðrum sveitum | 700 — |
| 5. | Endurborgun frá innsveitismönnum | 400 — |
| 6. | Borgun fyrir seldar reitur sveitarómaga | 100 — |
| | Samtals | 1590 kr. |

B. Gjöld

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til fastra ómaga | 5000 kr. |
| 2. | — þurfamanna | 5500 kr. |
| 3. | — Viktola | 500 — |
| 4. | — greptrunar ómaga | 150 — |
| 5. | Lögflutningur ómaga | 80 — |
| 6. | Fátækralyf og önnur óviss útgjöld | 400 — |
| 7. | Lán til annara sveita | 800 — |
| | Samtals | 12430 kr. |
| | Þar frá dragast tekjurnar | 1590 kr. |
| | Og verður þá eptir | 10840 kr. |

sem jafna verður á bæjarbúa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Samþykkt, að gjöra við bæ Brynjólfs Eiríkssonar, sem mundi kosta kring um 50 kr.

IV. Í brjefi, dags. 2. þ. m. biður Guðmundur Jóhannsson í Miðhúsum um styrk til að byggja bæ; en því var neitað.

V. Í brjefi 7. þ. m. biður Johannes Sigurðsson um 200 kr. til að byggja upp bæ sinn, en fátækranefndin gat eigi sinnt því.

VI. Karolína Thorsteinsen á Akranesi biður um leyfi til að setjast að hjer í bænum í tómthúsmennsku. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Gunnl. Pjetursson G. Gunnarsson
Ólafur Björnsson Guðmundur Þorkelsson
Jón Thorsteinsson Steindór Jónsson

Ár 1892, fimmtudaginn 22. dag septembermán. átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Nikulás Sigvaldason sendir reikning, 6 kr., fyrir barn Bjarna Þorsteinssonar og Sigríðar Ásbjarnardóttur, og var reikningurinn samþykktur.

2. Gísli Þórðarson hefur kært úrskurð fátækranefndarinnar (sjá fund 14. maí þ. á.), þar sem hún neitaði honum um tómthúsmennsku, fyrir amtmanni, og hefur amtmaður beiðst umsagnar fátækranefndarinnar um kæru þessa. Málinu var frestað til næsta fundar, og var Guðmundi Þórðarsyni og Ólafi Ólafssyni falið á hendur að rannsaka ástæður Gísla Þórðarsonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Valdimar Rögnvaldsson biður í brjefi 12. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi. Málinu frestað, og Guðmundi Guðmundssyni og Steindóri Jónssyni falið að rannsaka efni hans.
4. Sigurður Jónsson skipstjóri á Skildinganesi bað í brjefi 6. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og var það veitt.
5. Einar Einarsson sendir skýrslu um fjárhag sinn (sbr. fund 11. f. m.), og endurnýjar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá 1. degi næsta októbermánaðar, og var leyfið veitt.
6. Formaður lagði fram boð frá 3. kaupmönnum um vörur til þurfamanna næsta vetur. Nefndarmönnum þótti boð Ó. Ámundasonar aðgengilegast, þó með því móti, að hann gjöri kaffi og steinolíu ódýrri, en hann hefur boðið, og seldi brauð við sama verði og þau verða seld í bakaríinu.
7. Sigríður Auðunsdóttir biður, í brjefi í dag, að hún megi flytja úr húsi því á Grímsstaðaholti til Vilborgar Pjetursdóttur í Garðhúsum, og var það samþykkt gegn 2 kr. húsaleigu um mánuðinn.
8. Tveimur börnum Valdimars Ottesens var komið fyrir, öðru hjá Magnúsi Pálssyni, og hinu fyrði Ólafssyni á Vegamótum.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson G. Þórðarson
[illegible] Friðriksson
Þórður Torfason Ólafur Björnsson
Gunnlaugur Pjetursson Sölvi Thorsteinsson Ólafur Ólafsson
Guðm. Guðmundsson Steindór Jónsson

Niðurjöfnunarnefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, fimmtudaginn 13. dag októbermánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Guðr. Guðmundsson biður í brjefi 12. þ.m. um viðgjörð á bæ sínum, og meiri styrk sjer til framfæris og heimili sínu. Steindóri og Guðmundi Guðmundssyni var falið að skoða bæinn. En styrkinn gat nefndin eigi hækkað að sinni.

2. Sigurður Eiríksson biður í brjefi 12. þ.m. um styrk til að kaupa steinkol; en nefndin gat eigi veitt það, fremur en nauðsyn krefði smátt og smátt.

3. Henrik Árnason biður um 4 kr. um mánuðinn fram til aprílmánaðarloka. Guðmundi Þórðarsyni var falið á hendur að semja við Ingjald á Lambastöðum um Ingjald upp á eitt.

4. Helga Pálsdóttir biður í brjefi 29. f.m. um húsaleigustyrk. Henni voru veittar 12 kr. í eitt skipti fyrir öll.

5. Þorkell Eiríksson biður í brjefi 4. þ.m. um leyfi til að taka út á þær krónur, sem hann á eptir af því, sem hann lagði inn í sumar. Enn hann skuldaði mikla meir. Samþykkt var, að Gunnar skyldi kaupa handa honum 2 kindaskrokka, 30–40 ℔ hvern, og innan úr 2 kindum.

6. Benidikt Ásgrímsson biður í brjefi 27. f.m. um styrk til að kaupa fyrir nokkuð af kjöti. Honum var veitt verð fyrir 2 kroppa, 30–40 ℔ hvern. Gunnar Gunnarsson skyldi og kaupa þá, og svo líka 2 innmata.

7. Vilborg Pjetursdóttir biður 14 kr. sem húsaleigu fyrir Guðfinnu Pálsdóttur síðasta vetur. Henni voru veittar þessar 14 kr.

8. ~~Sjera~~ Ólafur Ólafsson á Lundi heimtar 35 kr. fyrir Kristjönu Þorkelsdóttur, sem var hjá honum í sumar. Forseti tilkynnti, að hann hefði ávísað Schierbeck 15 kr. fyrir lækningatilraunir við Sigurð Bjarnason og 10 kr. fyrir Kristjönu, og var það samþykkt.

9. Samþykkt var að láta Vilborgu Sigurðard. ~~Kristjönu~~ vera hjá Guðrúnu Jónsdóttur í Hlíðarhúsum gegn 6 kr um mánuðinn fyrst um sinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Formaður lagði fram reikning frá hreppsnefnd Helgafellssveitar fyrir Vilborgu Sigurðardóttur 40 kr., og var þessi reikningur samþykktur.

11. Samþykkt var, að koma Sigríði Jónsdóttur á Vesturgötu fyrir, og var Ólafi Ólafssyni falið sjerstaklega að reyna það til næsta fundar.

12. Guðm. Þórðarson skýrði frá, að eigur Gísla Þórðarsonar (sjá næsta fund á undan) væru svo sem alls engar; því að þær væru: 100 ℔ af mjöli, tæpan fjórðung af feiti, fáein ℔ af grjónum, nálægt [illegible] af trosi, og 10 kr. í reikningi hjá kaupmanni G. Zoëga; en kontantaurar svo sem ekkert.

13. Amtmaður biður um umsögn nefndarinnar um kæru Valdimars Rögnvaldssonar (sjá næsta fund á undan). Hann á alls ekkert, en er í skuld um 570 kr. Nefndin gat því alls eigi breytt þeirri skoðun sinni, að hann ætti eigi að fá bæjarleyfi.

14. Guðrún Sæmundsdóttir biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum frá næsta vori, og var það veitt.

15. Sigríður Auðunsdóttir vill nú vera kyrr í húsi sínu á Grímsstaðaholti, en vill fá maskínu í húsið, og var ákveðið, að kaupa maskínu hjá Gísla Finnssyni.

16. Ákveðið var, að láta járn á suðurhliðina á Blöndalsbæ, og mundu til þess þurfa 16 plötur.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson G. Gunnarsson
Ólafur Björnsson.
Ólafur Ólafsson Þórður Torfason. Jón Thorsteinsson
Guðm. Guðmundsson Gunnl. Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1892, fimmtudaginn 27. dag októbermán., átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer:

1. Ólafur Jónsson biður um betra húsrúm, með því að það verði eigi dýrra, en það sem hann nú hefur. Var það leyft, með vanalegum uppsagnarfresti eða eptir samkomulagi við Gunnar. Ákveðið að öðru leyti að fresta málinu til að fá skýringar um herbergi þau, sem hann vill fá í Bræðraborg.
2. Runólfur Árnason biður í brjefi 25. þ. m. um 2 kindarkroppa. Nefndin samþykkti að láta hann fá 1 kropp 30–40 ℔, og var falið Gunnlaugi Pjeturssyni falið að útvega þennan kropp.
3. Jón Þórðarson biður í brjefi 26. október ℔ biður um að mega fá 9 kr., sem hann þykist eiga til góða, til að kaupa kjöt fyrir. En því var neitað.
4. Kona Þorsteins bakara biður í brjefi, í dag, um föt handa börnunum. Ákveðið, að Ólafur Ólafsson skoðaði ástæðurnar og gæfi skýrslu um það.
5. Jóhanna Magnúsdóttir biður, í brjefi dags. í dag um 4 kr. um mánuðinn, frá 1. nóv. til 30. dags aprílmánaðar, eins og í fyrra, og var það veitt.
6. Þorsteinn Natansson biður í brjefi, dags. 24. þ. m. um húsaleigu fyrir Diðriku Hölter, 1 kr. um mánuðinn, frá 14. maí til 9. október. En því var neitað.
7. Halldóra Árnadóttir hafði boðizt til, að taka Sigríði Jónsdóttur fyrir 14 kr. um mánuðinn.
8. Sigurbjörgu Sigurðardóttur voru veittar 12 kr. til eldiviðar og fóta.
9. Í brjefi 22. þ. m. tilkynnir amtmaðurinn, að hann samþykki neitun fátækranefndarinnar

um tómthúsmannsleyfi handa Valdimar Rögnvaldssyni og Gísla Þórðarsyni (sbr. næsta fund hjer á undan.

10. Í brjefi í dag biður Sveinbjörn Þorsteinsson um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.

11. Í brjefi ~~biður~~ í brjefi 25. þ.m. biður Kristinn Guðmundsson um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Málinu var frestað til næsta fundar, til að leita upplýsinga um manninn. Guðm. Guðmundsson skyldi leita þeirra.

12. Ákveðið var, að koma Sigurði Bjarnasyni fyrir á spítalann.

13. Ingjaldur á Lambastöðum hafði boðist til að taka Hinrik Árnason kauplaust, ef Hinrik fengi einhver föt utan á sig, og var það samþykkt.

14. Ákveðið að gjöra við Gíslabæ og Hábæ, svo að í þeim verði búið í vetur, svo sem nauðsyn krefur.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson  W. Fridriksson  G. Gunnarsson
G. Þórðarson  Ólafur Björnsson
Gunnl. Pjetursson  Steindór Hjörsson  Þórður Torfason
Jón Thorsteinsson  Ólafur Ólafsson  Guðm. Guðmundsson

Ár 1892, fimmtudaginn 10. dag nóvembermán. átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Ólafur Jónsson biður í brjefi 9. þ.m., að fátækranefndin láti sig fá 2 kindarkroppa. Ákveðið var að láta hann fá 8 kr. til kjötkaupa.

2. Rögnvaldur Teitsson biður um pils handa Ásdísi Daðadóttur. Ákveðið var, að hafa þessa beiðni í huga, ef er uppboðsþing yrði og pils kæmi þar til sölu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Ákveðið var, að útvega 2 elztu börnunum Þorsteins Jónssonar (bakara) nokkur föt, og var Ólafi Ólafssyni falið að útvega þeim föt, svo sem brýna nauðsyn bæri til.
4. Guðlaug Jónsdóttir ítrekar beiðni sína um borgun fyrir Vilborgu ~~Jónsdóttur~~ Bjarnadóttur. En nefndinni þótti eigi ástæða til að sinna þessu að svo stöddu.
5. Í brjefi 29. þ.m. biður Guðmundur Sveinsson ~~[illegible]~~ um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Var leyfið veitt.
6. Ragnheiði Vigfúsdóttur voru veittar 5 kr. 50 a. til fata.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~[illegible]~~ Tr. Friðriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Björnsson Ólafur Ólafsson
Sigurður Þórisson Gunnl. Pjetursson

Ár 1892, fimmtudaginn 24. dag nóvembermánaðar var fundur haldinn í fátækranefndinni

1. Páll Jónsson í Melshúsum biður í brjefi dags. í dag um styrk úr fátækrasjóði 8 kr. á mánuði. Samþykkt var að skoða hjá Páli, og styrkja hann eptir því, ef ekki þykir hjá því komist. —
2. Halldór Þórðarson biður í brjefi dags. í dag að fátækranefndin útvegi sjer vinnu. Nefndin gat eigi útvegað honum vinnu að svo stöddu, en ákvað að hafa hann í huga, ef eitthvað fjelli til
3. Samþykkt var að veita Ingunni Einarsdóttur í Kvennadalshúsi ~~[illegible]~~ út af beiðni hennar í brjefi dags. í dag 8 kr. styrk í veikindum hennar, auk mánaðarstyrks þess, sem hún fær úr fátækrasjóði.
4. Samþykkt var að hjálpa Guðfinnu Pálsdóttur eptir þörfum gegn endurgjaldi frá barnsföður hennar Vilhjálmi Halldórssyni
5. Bæjarstjórnin sendi fátækranefndinni til umsagnar erindi frá Ólafi Björnssyni fátækrafulltrúa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dags. 15. þ. m. um laun frá þeim starfa. Fátækranefndin sá sjer ekki fært að mæla með þessari beiðni. –

Fundi slitið

Halldór Daníelsson G. Gunnarsson G. Þórðarson
Ólafur Ólafsson Ólafur Björnsson Þórður Torfason
[illegible] Steindór Jónsson

Ár 1892, fimmtudaginn 8. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Þóra Gísladóttir í Grjóta biður um 6kr. mánaðarlegan styrk til næsta maímánaðar. Samþykkt var að veita henni 5kr um mánuðina desemb.– apríl. eða alls 25kr.
2. Oddur Tómásson á Móbergi biður um 18kr. til húsaleigu. Ákveðið var, að sinna eigi þeirri beiðni að sinni.
3. Ákveðið var, að flytja Sigurð Bjarnason til Sesselju Þórðardóttur, sem mundi taka hann fyrir 1kr. 50a., er hann væri flutningsfær.
4. Ákveðið var að hjálpa Sigmundi Guðmundssyni eptir þörfum.
5. Erlendur Hannesson biður um meðgjöf með dóttursyni sínum, syni Þorkels Valdimars Ottesens, 30kr. um árið, og var það veitt.
6. Jens Jóhannesen biður um 10kr. lán sjer til bjargar. En nefndin sá eigi ástæðu til þess.
7. Margrjet Guðmundsdóttir biður um mánaðarlegan styrk, og var henni veittar 4kr. um mánuðinn til aprílmánaðarloka.
8. Kristinn og Björn Guðmundssynir biðja í brjefi 8. des. biðja um 3kr. mánaðarlega húsaleigu fyrir Þorstein Jónsson bakara, og var það samþykkt.
9. Dómkirkjupresturinn biður í brjefi 30. f. m., að fátækranefndin vildi borga kennslu ~~fyr~~ handa börnum Ingiríðar Einarsdóttur, öðru Bára og

hinu 10 ára, og hefði hann komið börnum þeirra til kennslu hjá Sveini Guðnasyni, og var samþykkt þeim ráðstöfun dómkirkjuprestsins gegn borgun síðar af hlutaðeigandi hreppum.

9. Þórður Torfason biður í brjefi 7. þ.m. um laun frá fátækranefndarstörfum sökum elli og sjónleysis, og lofaði fátækranefndin að mæla með beiðni hans við bæjarstjórnina.

10. Í brjefi dags. 7. þ.m. biður Þórdís Guðnadóttir á Minna-Mosfelli um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

11. Guðmundur Guðmundsson skýrði frá ástæðum Kristínar Guðmundsdóttur (sjá fund 27. októberm.), að hann ætti bát, lítilfjörlegan, og 50 kr. í bæ. En beiðninni um tómthúsmennskuleyfi var neitað.

## Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. G. Þórðarson

Gunnlaugur Pjetursson. Jón Þorsteinsson. G. Gunnarsson

Guðmundur Þorkelsson. Þórður Torfason. Ólafur Björnsson

Guðm. Guðmundsson. Ólafur Ólafsson. Sveinbj. Jónsson

Ár 1892, fimmtudaginn 22. dag desembermánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Gissur Guðmundsson biður í brjefi 21. þ.m. um 5 kr. mánaðarlegan styrk frá næstkomandi nýjári. Nefndin ákvað að láta skoða hjá honum, áður en hún tæki nokkurt ákvæði um málið.

2. Eiríkur Ásmundsson biður um 10 kr. í viðbót við áður fengnar 4 kr. að láni, og var það veitt.

3. Jón Þórarinsson í Sandagerði biður um 30 kr. lán og voru honum veittar þær, að meðtöldum 5 kr., sem hann þegar hefur fengið.

4. Jón Oddsson í Görðum hafði tjáð sig í vandræðum með mat. Fátækranefndin ákvað að hjálpa honum eptir þörfum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Pálína Oddsdóttir biður um styrk sem meðlag með barni sínu og Magnúsar Kaprasíussonar. Henni var veittur styrkur, sem svarði 5 kr. um mánuðinn fyrst um sinn.

6. Kristbjörg Eyjólfsdóttir biður um ~~leyfi~~ eptirgjöf á sveitarskuld sinni, til að geta gipt sig; en skuldin er 182 kr. En henni skyldi svarað, að nefndin gæti engu um það svarað, fyr en nefndin á Akranesi hefði gefið sitt samþykki til giptingarinnar.

7. Í brjefi, dagsettu 19. þ. m. biður Símon Ólafsson á Ártúni ~~Nýjabæ~~ á ~~Selt~~Kjalarnarnesi biður um leyfi til tómthúsmennsku hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar, og heimtuð ný skýrsla um efnahag hans.

8. Guðmundur Jónsson biður í brjefi 13. þ. m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Málinu frestað til næsta fundar.

9. Gunnlaugi Pjeturssyni voru veittar 6 kr. um mánuðinn frá 1. d. oktob. þ. á. til maímánaðarloka næsta ár, með Sigríði Þórðardóttur.

10. Ákveðið var, að reyna að koma fyrir 4 börnum Jóns Þórðarsonar í Bergskoti, 4 börnum Þorsteins bakara, og 1 barni Þorkels Ottesens, svo fljótt sem auðið væri.

11. Þórður Torfason hafði fengið lausn frá fátækranefndinni, og var ákveðið, að stinga upp á Ámunda Ámundasyni í Hliðarhúsum í hans stað.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson H. Kr. Friðriksson G. Þórðarson G. Gunnarsson
~~Þórður Torfason~~ Steindór Jónsson Olafur Björnsson
Jón Thorsteinsson Gunnl. Pjetursson Guðm. Guðmundsson
Guðm. Þorkelsson Olafur Olafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1893, fimmtudaginn 12. dag janúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer; var þá tekið fyrir að kveða á um meðlög með ómögum og styrk til þurfamanna, og var það þannig gjört.

## A. Ómagar.

| | Ómagar | Aldur | Húsbændur | Meðlag kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Ingibjörg Guðmundsdóttir | 71 | Ólafur Sveinsson | 288. |
| 2. | Helga Emilía Hölter | 13 | Margrjet Bjarnadóttir (Guðjón Þorvaldsson) | 80 |
| +3 | Ásdís Daðadóttir | 60 | Rögnvaldur Teitsson | 90. |
| 4 | Guðrún Guðmundsdóttir | 8 | Hans A. Guðmundsson 120 | 80 |
| +5 | Ólafur Guðnason | 14 | Ingileif Magnúsdóttir | 40. |
| 6 | Sigríður Andersdóttir | 12 | Þórður í Norðurkoti | 80. |
| 7 | Kristín Ásmundsdóttir | 65 | Torfi Þorgrímsson | 150. |
| 8 | Finnbogi Finnbogason | 12 | Guðrún Jónsdóttir | 80 |
| 9 | Agnes Jónsdóttir | 80 | Sigríður Erlendsdóttir | 120. |
| 10 | Guðmundur Guðnason Eiðsd. | 10 | Magnús í Laxanesi | 80 |
| 11 | Sigríður Jónsdóttir | 60 | Helgi Teitsson | 120. |
| 12 | Jónína Guðrún Jónasdóttir | 10 | Friðsemd Aradóttir | 80 |
| 13 | Friðrik Guðnason | 9 | Ragnhildur Þorláksdóttir | 80. |
| 14 | Magnús Magnússon | 9 | Guðlaug í Þorgrímshalli | 80 |
| 15 | Kristján Jóhannesson | 12 | Erlendur á Breiðabólstöðum | 30 |
| 16 | Oddur Siggeirsson | 13 | Kristján á Sölmundarhöfða | 60 |
| 17 | Kristjana Jóhannesdóttir | 8 | Rannveig Gísladóttir | 80. |
| 18 | Sigríður Guðmundsdóttir | 9 | Magnús á Eiði | 80. |
| 19 | Magnús Magnússon | 78 | Guðlaug Oddsdóttir | 120. |
| 20 | Jón Kristjánsson | 9 | Guðrún Steinsdóttir | 80 |
| 21 | Guðmundur Guðmundsson + | 6 | Ein Árbæ Halldóra Árnadóttir | 80. |
| 22 | Ingiríður Einarsdóttir | 65 | Eyvindur Eyvindsson | 60. |
| 23 | Steinþóra Þorsteinsdóttir | 9 | Sofía Magnúsdóttir | 40 |
| 24 | Jón Jóhannesson + | 68 | Magnús í Viðey | 40. |
| 25 | Sigríður Jensdóttir | 11 | Hermann Guðmundsson | 80 |
| 26 | Sigurður Friðriksson + | 14 | Jónas Jónsson | 40 |
| | | | | 2038. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Ómagar | Aldur | Húsbændur | Meðlag |
|---|---|---|---|---|
| | | | | $\frac{Ó}{Z}$ 2038. |
| 27 | Sigríður Ólafsdóttir | 79 | Sveinn Sveinsson | 90. |
| 28 | Jódís Tómasdóttir | 6 | Sigríður Guðlaugsdóttir | 60. |
| 29 | Bjarni Jónsson + 120 | 71 | Eileifur Guðmundsson | 90 |
| 30 | Jón Jónsson | | Jón á Skógtjörn | 36 |
| 31 | Guðmunda Oddsdóttir | 5 | Hermann Guðmundsson | 80 |
| 32 | Jóhanna Guðmundsdóttir | 55 | Magnús Finnsson | 40 |
| 33 | Lýður Magnússon | 75 | Guðlaug Oddsdóttir | 60 |
| 34 | Kristján Kristjánsson + | 75 | Eiríkur í Þverárkoti | 96. |
| 35 | Pjetur Friðriksson | 10 | Gísli Guðmundsson | 80 |
| 36 | Guðrún Friðriksdóttir | 8 | Þórður Þórðarson Haðar | 80 |
| 37 | Sigurgeir jón Guðmundsson | 4 | Snorri á Bleikstöðum | 80 |
| 38 | Daníel A. Frímann Pálsson | 5 | Sigríður Bjarnadóttir | 80 |
| 39 | Sigríður Pálína Pálsdóttir | 3 | Þuríður Jörundsdóttir | 80 |
| 40 | Jón Hansson + | 14 | Síra Þórður Ólafsson | 20. |
| 41 | Meyvant Hansson | 12 | Síra Ríkarður Torfason | 45 |
| 42 | Guðbjörg Hansdóttir | 9 | | 60 |
| 43 | Ágúst Guðmundsson | 9 | Runólfur Runólfsson | 80 |
| 44 | Elías Guðmundsson | 5 | Jón Bjarnason | 80 |
| 45 | Oddur Jónsson | 13 | Guðmundur Guðmundsson | 45 |
| 46 | Emilía Gunnlaugsdóttir | 10 | Sigurður Bjarnason | 40 |
| 47 | Erlendur Valdemarsson Ottesen | 4 | Erlendur Hannesson | 30. |
| 48 | Málfríður Bjarnadóttir | 7 | Oddgeir Björnsson | 80. |
| 49 | Sigríður Þórðardóttir + | 15 | Gunnlaugur Pjetursson | 30. |
| 50 | Þorleifur Björnsson | 73 | Sveinn Bjarnason | 100 |
| 51 | Andriana Pjetursdóttir | 14 | Guðmundur Guðmundsson | 30. |
| 52 | Guðmundur Kristjánsson Lange | 11 | Kristín Guðmundsdóttir | 48 |
| 53 | Guðrún Helgadóttir | 71 | Sigurður Þórðarson | 70. |
| 54 | Guðrún Hansdóttir | 11 | Einar Bjarnason | 65. |
| 55 | Geir Hansson | 2 | Margrjet Ámundadóttir | 80 |
| 56 | Ragnheiður Sigurðardóttir | 3 | Tómas Sigurðsson | 80 |
| | | | 4213 | 3983 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Ómagar | Aldur | Húsbændur | Meðlag Kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | | | 4273 |
| 57 | Sigurður Sigurðsson ⁄ß | 1 | Þórarinn Arnórsson | 80. |
| 58 | Ólafur Ásbjörn Valdemarsson | 2 | Magnús Pálsson Joh Gudmundss Lundi ⁄ß | 80 |
| 59 | Stefán Oddur Valdemarsson | 3 | Þórður Ólafsson | 80 |
| 60 | Vilborg Sigurðardóttir | 16 | Guðrún Jónsdóttir | 27. |
| 61 | Sigríður Jónsdóttir | 63 | Halldóra Arnadóttir | 168. |
| 62 | Guðrún Magnúsdóttir | 10 | Magnús Árnason | 60. |
| 63 | Jónína Hermannsdóttir | 4 | Árni Árnason | 80. |
| 64 | Björn Gunnarsson | 3 | Benedikt Samsonsson | 80. |
| 65 | Karl Bjarnason | 1½ | Gísli Þorkelsson | 80. |
| 66. | Geir Konráðsson | 6. | Jarðþrúður Pjetursdóttir | 80. |
| | | | -5088 | 5188 |

## B. Þurfamenn.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. | Vilborg Ólafsdóttir | 120 |
| 2. | Guðrún Þorgrímsdóttir | 60 |
| 3. | Margrjet Pálsdóttir | 72. |
| 4. | Kristján Hróbjartsson | 96 |
| 5. | Jón Ingimundarson | 36. |
| 6. | Eggrún Eggertsdóttir | 48. |
| 7. | Sigríður (~~Sigurbjörg~~) Auðunsdóttir | 120. |
| +8. | Kristín Ásbjarnardóttir | 60. |
| 9. | Ragnheiður Vigfúsdóttir | 250. |
| 10. | Sigríður frá Barði | 24. |
| | | 876 |
| | Flutt | 876 |
| 11. | Guðrún Jóhannesdóttir | 108. |
| 12. | Valgerður Guðnadóttir | 80. |
| +13. | Sigurður Bjarnason | 100. |
| 14. | ~~Sig~~ Helga Jónsdóttir | 60. |
| ~~15.~~ | ~~Dóra~~ | |
| ~~15.~~ 15. | Emrisiana Þorkelsdóttir | 96 |
| +16. | Bjarni Pálsson | 96 |
| 17. | Vilborg Pjetursdóttir | ~~144~~ |
| 18. | Jóhanna Magnúsdóttir | 16. |
| 19. | Þóra Geirsdóttir | 20 |
| 20. | Margrjet Guðmundsd. | 16 |
| | | 1612 |

## C. Húsaleiga

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. | Guðlaug Jónsdóttir | 24 |
| 2. | Sigurður Eiríksson | 24 |
| 3. | Jóhanna Magnúsdóttir | 12 |
| 4. | Doróthea Jónsdóttir | 24 |
| 5. | Pjetur Grímsson | 36 |
| 6. | Sigurbjörg Sigurðardóttir | 30. |
| 7. | Marta Markúsdóttir | 24. |
| 8. | Katrín Arnadóttir | 18 |
| 9. | Runólfur Árnason | 30 |
| | Flyt | 222 |
| | Flutt | 222. |
| 10. | Ólafur Jónsson | 36 |
| 11. | Þorsteinn Jónsson | 36 |
| 12. | Einar Ólafsson | 36 |
| 13. | Sigrún Guðlaugsdóttir | 24 |
| 14. | Soffía Ólafsdóttir | 18 |
| 15. | Halldór Þórðarson | 24 |
| 16. | Ólafur Björnsson | 30 |
| 17. | Jóhanna Malmkvist | 24 |
| 18. | Þork. Valdim. Ottesen | 24 |
| 19. | Ólafur Þorvarðarson | 36. |
| | Flyt | 510 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Flutt 510 | | Flutt 570 |
| 20. Þorkell Eiríksson | 24. | 22. Árni Árnason | 36 a. |
| 21. Magnús Jónss. Verkg. | 36. | 23. Guðrún Sigurðard. | 24 |
| 2° | Flyt. 570 | | Samtals. 630 |

## O. Vitstola

Elísabet Egilsdóttir . . . 500 kr.

2. Fátækranefndin neitaði að borga skuldir Hans Gísla Jónssonar, sem hvíla á bæ hans, 250 kr. til bankans, og 154 kr. 93 a. til Geirs Zoëga.
3. Samþykkt að borga bankanum 47 kr. 2 a., afdrag og rentur fyr Páls Jónssonar í Melshúsum
4. Samþykkt, að semja við bankann um skuld þá, sem hvílir á húsi Gísla heit. Þorlákssonar 300 kr., að afborganirnar presturinn greiði lengdur um 5 ár, svo að hin árlega afborgun greiði 30 kr.; ~~annar~~
5. Sigmundi Guðmundssyni prentara voru veittar 25 kr. mánaðlega fyrst um sinn.
6. Sigurður Bjarnason vill fá 10 kr. hækkun á meðlagi með Emilíu Gunnlaugsdóttur; en því var neitað í einu hljóði.
7. Magnús Vigfússon vill fá 50 a. um daginn með Helgu Jónsdóttur; en því var neitað, en ákveðið að reyna að koma henni fyrir, og tók Gunnlaugur Pétursson það að sjer.
8. Símoni Ólafssyni (sjá næsta fund á undan) veitt sómthúrmennskuleyfi.
9. Presturinn spyr, hvort fátækranefndin hefði nokkuð á móti kvonfangi Magnúsar Vigfússonar, og var það eigi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. ~~H.~~ Friðriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnl. Pjetursson    Steindór Jónsson    L. Þorsteinsson



Ár 1893, föstudaginn 27. dag janúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður bar fyrst fram kröfu frá sjera Ólafi Helgasyni á Gaulverjabæ um meðgjöf með málleysingjanum Einari Guðmundssyni árið frá 1. oktbr. f. á. Samþykkt var að greiða meðgjöf þessa, ef eigi verður hjá því komist, þó eigi meira, en gefið er með öðrum slíkum börnum.

2. Hannes, pórtur Hannesson óskar að fá húsaleigu fyrir Ólaf Ólafsson frá 14. maí til 16. ~~okt~~ októb. f. á., 3 kr. um mánuðinn. Samþykkt var að greiða honum fyrir þessa 5 mánuði 10 kr.

3. Eyþór Oddsson biður um húsaleigu fyrir hinn sama frá 16. okt. f. á. til 14. maí þ. á., og var samþykkt að greiða 2 kr. um mánuðinn.

4. Jóhann prestur Þorkelsson biður, að Guðbjörg, dóttir Ól. Ólafsdóttir, fullra 12 ára, fengi kennslu á kostnað fátækrasjóðs, með því að hún væri mjög illa uppfrædd eptir aldri, og hefði hann komið henni fyrir hjá Þorleifi Jónssyni, og var það samþykkt.

5. Jón Þórðarson í Bergskoti biður um styrk til að hann geti gjört sig út til sjávar, þar eð hann ~~ætt~~ nú þegar að fara í skiprúm ~~þeg~~ suður á Miðnes. Ákveðið var, að svara Jóni því, að hann yrði að ábyrgjast sig sjálfur, en börnunum skyldi verða komið fyrir.

6. Guðrún Pálsdóttir, ekkja úr Hólahreppi í Skagafjarðarsýslu, biður um 30 kr. lán gegn endurgjaldi af sveit hennar Hólahreppi. Ákveðið var, að hjálpa henni um þennan styrk.

7. Þorkell Benjamínsson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum nú í vor.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

512

Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. G. Þórðarson
O. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Steindór Jónsson
Ólafur Björnsson Guðm. Þorkelsson Guðm. Guðmundsson

Ár 1893, fimmtudaginn 9. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer. Kom þar í fyrsta sinn hinn nýji fátækrafulltrúi Ámundi Ámundason.

1. Jón Jónsson í Lindarbæ biður um húsaleigu fyrir Margrjetu Guðmundsdóttur 1 kr. 50 a. um mánuðinn yfirstandandi ár. En nefndin gat eigi orðið við þeirri bón; þar sem bærinn er eign fátækrasjóðs Reykjavíkur.

2. Árni Árnason biður, að fátækranefndin vildi ljá honum bæ Sigurðar heitins Bjarnasonar framvegis. Málið eigi tekið til greina. ~~að sinni~~.

3. Dedrika Hölter biður um húsaleigu hjá Sigurði söðlasmið Bjarnasyni, 1 kr. 50 a. um mánuðinn, en að henni var heitið að eins 1 kr. um mánuðinn.

4. Þorsteinn bakari Jónsson biður um húsaleigu 2 kr. um mánuðinn, hjá Þuríði Jörundsdóttur á Laugavegi, til vorsins. Það var samþykkt til vorsins.

5. Sigurbjörg Sigurðardóttir biður um 4 kr. styrk mánaðarlega, auk eldiviðar og fóðurs. Með því að hún þegar hafði fengið 8 kr., var ákveðið, að hún skyldi fá 4 kr. frá 1. marzm.; en þá eigi fyrir eldivið og fóður.

6. Sigurður Magnússon, kand. med., biður um 8 kr. fyrir læknishjálp veitta Helgu Jónsdóttur. Var það samþykkt.

7. Erlendur á Melnum hafði tekið Helgu Jónsdóttur fyrir 8 kr. um mánuðinn, og var það samþykkt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Jóhann Bjarnason (beri) biður um aðstoð fátækra stjórnarinnar; hann er hjá Guðrúnu í Miðhúsum; en hún vill fá 1kr. um daginn. Hann á hrepp í Kirkjuhvamms-hreppi. Ákveðið var, að koma honum fyrir, svo framarlega sem hann væri ekki ferðafær, gegn borgun af hrepp hans.

9. Því næst var svo ákveðið, að taka eigi börnin frá Jóni Þórðarsyni í Bergskoti fyrst um sinn; en heldur hjálpa syni hans nú um vetrar-vertíðina um 8–10 um mánuðinn.

10. Sigurði, syni Runólfs Árnasonar, skyldi koma fyrir í vor.

11.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Steindór Jónsson
Ámundi Ámundason Guðm. Pjetursson Þorl. Þorsteinsson

Á 1893, fimmtudaginn 23. dag febrúarmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Helgi Runólfsson biður um meðlag, 50kr. um árið, með Sigríði Magnúsdóttur, 59 ára. Ákveðið var, að veita honum 40kr., en Guðm. Guðmundssyni var falið að tala um það við hann.

2. Ragnheiður Sigfúsdóttir biður um styrk fram yfir þær 250kr., sem henni eru ætlaðar, til eldiviðar sökum eldiviðarleysis og ills útbúnaðar á Kotinu. Ákveðið var, að láta gjöra við glugga og hurðir hjá henni, og var Ólafi Ólafssyni falið á hendur að gjöra í því efni, það sem nauðsyn bæri til.

3. Þá bar forseti upp, hvað gjöra skyldi við Jespersen, sem bera ætti út; en hann gæti fengið leigðan Geyri gegn 20kr. um mánuðinn. Ákveðið var, að ganga í ábyrgð fyrir Jespersen með húsaleiguna fyrst um sinn í 6 mánuði.

4. Friðbjörn Samsonsson í Garðar, Dakota, býðst í

brjefi 8. des. f. á. að taka að sjer Þorkell Eiríks~~son~~ [son]
og konu hans Sigurveigu Samsonsdóttur, með því
móti, að fátækranefndin vildi borga helming
fararkostnaðarins til Winnipeg, en hann mundi
borga hinn helminginn sjálfur. Nefndin ákvað, að
reyna að útvega samskot til þessa, með því að hún
gæti eigi veitt fje til þessa úr fátækrasjóð.

5. Guðm. Jónsson endurnýjar bón sína um tómthús-
mennsku hjer í bænum (sjá fund 22. des. f. á.), og
Tendir skýrslu um efnahag sinn. Leyfið var
veitt.

6. Í brjefi 14. þ. m. heimtar landlæknir Schierbeck, að
konan Arndís Bjarnadóttir verði lögð inn á
spítalann, með því að taka þurfi af ~~henni~~
höndina. Hafði bæjarfógetinn gengið í ábyrgð
fyrir borgun fyrir hana fyrir hönd fátækra-
nefndarinnar. Maður hennar Hinrik
Heinriksson á sveit í Holtamannahrepp.

7. Jón Thorsteinsen lofar að halda Hinrik Árnason til
14. dags maímánaðar fyrir 12 kr.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. ~~M~~ Fridriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Ólafur Björnsson
Guðm. Guðmundsson Sch. Thorsteinsson Gunnl. Pjetursson
Guðm. Þorkelsson Steindór Jónsson Ámundi Ámundason

Ár 1893, fimmtudaginn 9. dag marzmánaðar,
átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Formaður gat þess, að Guðlaug Jónsdóttir væri
flutt á spítalann, og væri konninspadan ~~[illegible]~~ handarhlaðin til
Ólafs Þórðarsonar járnsmiðs, sem vildi fá 80 a.
um daginn, meðan hún væri einn veik, og hún nú
er, og ~~á~~ var það samþykkt.

2. Sigríður Jónsdóttir er komin til Einars Zoëga gegn 14 kr. meðlagi um mánuðinn. Samþykkt var að koma henni fyrir sem fyrst gegn 10 kr. meðlagi um mánuðinn, einn og Guðjón Þórólfsson hafði boðist til að taka hana fyrir.

3. Gissur Guðmundsson biður um hjálp til útgerðar, þar sem hann ætli að róa suður í Vogum. Honum voru veittar 10 kr.

4. Jóhannes Jónsson (prókúrator) biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, eptir á ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stafholtstungnahreppi. En þeirri beiðni var synjað.

5. Runólfur Guðmundsson í Engey biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt með því skilyrði, að hann kvongaðist á þessu ári.

6. Sveinbjörn Jónsson á Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt með því skilyrði, að hann kvongaðist nú í sumar.

7. Halldóru Jónsdóttur á Vegamótum voru veittar í húsaleigu 2 kr. um mánuðinn, eða 24 kr. um árið.

8. Jóni Thorsteinsen voru lofaðar 25 kr. fyrir Hinrik Árnason til vertíðarloka.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. W. Fridriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Gunnl. Pjetursson
Guðm. Guðmundsson Ámundi Ámundason
Guðm. Þorkelsson Ólafur Björnsson Jón Thorsteinsson
Steindór Jónsson

Ár 1893, fimmtudaginn 23. dag marsmánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi 20. þ. m. biður Runólfur Árnason um betra húsnæði, með kálgarði, en hann hefur nú, og hefur augastað á Brekkuholti fyrir 4 kr. um mánuðinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en fátækranefndin ákvað, að koma ekki drengnum fyrir, og láta þar við sitja, með því líka, að Ólafur Björnsson bauðst til, að leigja honum hús fyrir 2 kr. um mánuðinn.

2. Ákveðið var að gefa með Guðlaugu Jónsdóttur 1 kr. um daginn eptir báði konu Ólafs járnsmiðs að halda hana fyrir það.

3. Forseti skýrði frá, að bær Maríu Gísla Jónssonar væri seldur, en fengi búa þar til krossmessu fyrir 6 kr.; en á ~~krossmessu~~ krossmessu búa þar til krossmessu fyrir 6 kr.; en á hins bóginn væri Gunnlaugur Pjetursson búinn að koma henni fyrir á Seli fyrir 3 kr. um mánuðinn frá krossmessu í vor.

4. Þorsteinn Þorsteinsson biður um tómthúsmennsku-leyfi hjer í bænum nú í vor. En því var neitað, með því að það væri kunnugt, að hann væri öreigi; enda hefði hann enga skýrslu gefið um fjárhag sinn.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H. Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Ólafur Björnsson
Ámunde Ámundason Guðm. Guðmundsson
Steindór Jónsson Guðmundur Þorkelsson

Ár 1893, fimmtudaginn 13. dag aprílmán., átti fátækranefndin fund með sjer.

1. ~~Ámunn~~ Eiríkur Ámundsson biður í brjefi dags. í dag um styrk, þar sem hann sje rúmfastur, 50 a. á dag, til Sigríðar Knútsdóttur, frá 1. degi þ. m. Ákveðið var, að reyna til, að koma honum fyrir fyrir minna; en að öðru leyti samþykkt þessi borgun.

2. Kolbeinn Eyjólfsson heimtar 12 kr. 78 a., skólagjald fyrir Helgu Emilíu Hölder; en því var neitað.

3. Valdimar Rögnvaldsson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Honum var synjað um leyfið sökum fátæktar og ráðdeildarleysis.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Þorsteinn Þorsteinsson endurnýjar beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og skýrir frá fjárhag sínum. En honum var synjað um leyfið aptur (sjá næsta fund á undan).

5. Sigurður Ámundason biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum; hefur áður fengið leyfi til þess, en verið burtu 1 ár. Honum var veitt leyfið.

6. Benedikt Daníelsson biður um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. En honum var synjað um hið beðna leyfi, sökum óreglu og fátæktar.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. G. Gunnarsson
Ólafur Ólafsson Páll Þorsteinsson Steindór Jónsson

Ár 1893, 27. apríl var fundur haldinn í fátækranefndinni:—

1. Benedikt Ásgrímssyni hafði verið sagt upp húsnæði og beiddi hann fátækranefndina að útvega sjer húsnæði. Ákveðið var að útvega honum húsnæði fyrir 14. maí.

2. Guðrún Ófeigsdóttir kvartar um að tengdasonur sinn Stefán Jónsson hafi sagt sjer upp íbúð í húsi hans og biður hún fátækranefndina um húsaleigustyrk. Ákveðið var að halda Stefáni Jónssyni til að styrkja tengdamóður sína eptir þörfum.

3. Eilífur Guðmundsson í Gesthúsum afsegir að halda lengur Bjarna Jónsson (niðursetning). Samþykkt að útvega honum verustað fyrir framvegis.

4. Sigurbjörg Sigurðardóttir biður um, að sjer verði veittur

sjerstakan styrk til eldiviðar og fæðinnar. Ákveðið var að veita henni 1 kr. í viðbót við styrk þann, sem henni er ætlaður frá 1. maí næstk. –

6. Helga Jónsdóttir á Melnum tilkynnir, að hún kunni ekki lengur af með þann 5 kr. styrk, sem hún nýtur nú um mánuðinn. Samþykkt var að bæta við hana 1 kr. um mánuðinn frá 1. maí næstk.

7. Ragnheiður Sigurðardóttir biður um fastan styrk af fátækrasjóði. Samþykkt var að leita fyrir sjer, hvort henni yrði ekki útvegaður verðugur samastaður, og með því að leitast þótti að hún mundi þá bjargast betur.

~~Fundi slitið~~

8. Samþykkt að greiða Helga Þórðarsyni 16 kr. í viðbót við meðgjöf með Sigríði Magnúsdóttur þ. á.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson

G. Gunnarsson

Olafur Björnsson

Guðmundur Þorkelsson

Guðm. Guðmundsson

Gesþórðarson

Sigurðr Jónsson

Ár 1893, föstudaginn 12. dag maímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Bjarni Magnússon beiddist í brjefi 9. þ. m., að fátækranefndin greiddi sjer meðgjöf með barni Einars Eyjólfssonar og Guðrúnar Benjamínsdóttur fyrirundanfarin 2 ár 106 kr 66 a., og 53 kr. 33 aura árlega framvegis. Fátækranefndin gat eigi talið sig bundna við sátt þeirra Einars og Guðrúnar, og ætlaði, að amtmannsúrskurð ætti að koma fyrir því, hvað Einar skyldi borga, áður en hún gæti skipt sjer neitt af málinu.

2. Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu beiddist í brjefi 19. apríl þ. á. um meðgjöf með Pálínu Tryggvu Pálsdóttur, að 60 kr. verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greidd hreppsnefndinni í Stafholtstungum, en nefndin gat eigi sjeð, að hún væri skyld að greiða þetta meðlag, nema amtmaður úrskurðaði að Páll, faðirinn, sem er blindur og hreinn ómagi væri skyldur að borga meðlag þetta, og hversu mikið það skyldi vera. En hreppsnefnd Stafholtstungna gjörði fyrst að leita dvalarhrepps Páls, Biskupstungnahrepps.

3. Í brjefi 4. þ. m. sendir amtmaður afskrift af brjefi frá innanríkisráðgjafanum ~~um~~ viðvíkjandi styrk handa Guðbjörgu Magnúsdóttur, sem hafi fengið 12 kr. styrk á mánuði í 3 mánuði. Ákveðið var, að hún skyldi koma hingað, en borga það, sem áfallið væri.

4. Þorsteinn Þorsteinsson skýrir frá, að hin fyrri skýrsla sín um efnahag sinn hafi eigi verið alveg rjett, og lagfærir hana, og ítrekar enn beiðni sína um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

5. Jóhann Jónsson (prokurator) hafði kært fyrir amtmanni yfir neitun ~~bæjarst.~~ fátækrastjórnarinnar um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, og hafði amtmaðurinn í brjefi 10. þ. m. beiðzt umsagnar fátækranefndarinnar um þetta mál. Nefndin heldur fast við skoðun sína og getur eigi breytt henni.

6. Samþykkt var að Sigríður Helga flytti af Grímsstaðaholti í hús Guðna Guðnasonar gegn 2½ kr. mánaðarlegri leigu, sem fátækranefndin ábyrgist, en samþykkt, að Benidikt Ásgrímsson flytti aptur í húsið á Grímsstaðaholti, nema hann útvegaði sjer sjálfur húsnæði fátækrasjóðnum að kostnaðarlausu.

7. Samþykkt var, að Sigurður Eiríksson flytti í hús fátækrasjóðsins í Nýlendugötu, og ekkja Sigurðar Bjarnasonar gæti verið þar líka.

8. Sigurði Jónssyni fangaverði voru ávísaðar 37 kr. 63 aur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir aðhjúkrun við Guðmund Jakobsson gegn væntanlegu endurgjaldi af eigum hans (arfi).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson [illegible] Friðriksson Ólafur Björnsson
Gunnlaugur Pjetursson
Ólafur Ólafsson Ámundi Ámundason
[illegible] Þórisson

Ár 1893, fimmtudaginn 25. dag maímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Í brjefi dags. 14. þ.m. skýrir amtmaður frá, að Kristján Þorgrímsson hafi kært yfir því, að veitingamaður Jespersen hafi eigi þau 10–12 rúm handa nætur-gestum, sem sje skilyrðið fyrir veitingaleyfi hans, og skorar á bæjarfógetann, að gjöra nauðsyn-legar ráðstafanir í þessu efni. Nefndin sá sjer eigi fært, eptir ástæðum, eigi fært, að útvega honum þessi rúm, og væri því eigi annað fyrir höndum, en að loka hjá honum, og koma börnunum fyrir.
2. Út úr beiðni Ragnheiðar Sigurðardóttur um fastan mánaðlegan styrk, var afráðið að fá Jóhannes … son fyrir vinnumann handa henni næsta ár, og ábyrgjast honum 130 Kr. í kaup.

~~3. Katrín Árnadóttir~~

3. Guðmundur Guðmundsson, fæddur á Álptanesi, biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Frestað málinu, unz skýrslan kemi um efnahag hans, sem hann lofar.
4. Guðjón Bjarnason biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum frá næsta hausti. Leyfisins var synjað sökum fátæktar beiðandans.
5. Magnús Einarsson úr Holtahreppi biður í brjefi 14. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í bænum. Leyfinu var synjað, með því að nefndin taldi hann fátækraómagamann, en þekkti manninn sjálfan ekkert.

6. Guðmundur Guðmundsson tók að sjer, að koma Hinriki Árnasyni fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr. Friðriksson. G. Gunnarsson
Ólafur Ólafsson Guðm. Guðmundsson
Jón Þorsteinsson

Ár 1893, fimmtudaginn 8. dag júnímánaðar, átti fátækranefndin fund með sjer.

1. Rögnvaldur Teitsson afsegir að halda Ásdísi Davíðsdóttur lengur en til næstkomandi jónsmessu sökum þess, að hún sje ringlaðri en áður, og jafnframt, að honum verði borgaðar 16 kr. frá byrjun síðasta maímánaðar. Ákveðið var að koma henni fyrir, sem fyrst, og veita Rögnvaldi 8 kr. í viðbót við umsamda meðgjöf fyrir veru hennar hjá honum ~~til~~ til jónsmessunnar.
2. Guðmundur Björnsson biður í brjefi 7. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Eptir atvikum gat nefndin eigi veitt leyfið fyr en hann sannaði, að hann hefði fengið í hendur þær eignir, sem væri skilyrði fyrir leyfinu.
3. Árni Jóhannsson, bókbindari, biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum í brjefi dags. í dag, og var leyfið veitt.
4. Ákveðið var, að koma 2 börnum Valdimars Ottesens fyrir sem allra fyrst.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. H.Kr. Friðriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Ólafsson Guðm. Þorkelsson
Jón Þorsteinsson Ólafur Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1893, fimmtudaginn 22. dag júnímánaðar átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.

1. Magnús Vigfússon afsegir, í brjefi 19. þ.m. að halda Bjarna Jónssyni fyrir minni meðgjöf en 150 kr. um árið. Ákveðið var að koma honum hjá Magnúsi Magnússyni í Lambhól, sem hafði boðizt til að taka hann fyrir 90 kr. um árið; en jafnframt að útvega honum föt, sem hann nauðsynlegast þarf.
2. Málinu um Ásdísi Daðadóttur var um frestað til að reyna betur að koma henni fyrir.
3. Þorkell Sigurðsson biður þess, að fátækranefndin vildi borga með einu barni sínu nú í sumar, svo að hann komist í kaupavinnu, ásamt konunni. Beiðnin var veitt.
4. Pálína Oddsdóttir biður, að hún framvegis fái þann styrk ~~fá~~ úr fátækrasjóði með Konráði syni sínum, sem hún hefur fengið, 5 kr. um mánuðinn, og var það veitt.
5. Guðmundur Einarsson á Stórólfshvoli býðst til að halda Kristínu Magnúsdóttur næsta ár gegn 35 kr. meðlagi. Stúlkan er á 16. ári, og kemur á Reykjavík 3. októb. í haust, með því að hjer er fæðingarhreppur hennar. Það var samþykkt, að ganga að þessu boði.
6. Reikningur Guðrúnar Jónsdóttur í Hlíðarhúsum 3 kr. fyrir lyf handa Vilborgu Sigurðardóttur var samþykktur.
7. Guðmundi Guðmundssyni (sjá fund 25. f.m.) var veitt tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, gegn því, að kvongaðist í haust.
8. Guðbjartur Þórðarson biður í brjefi 21. þ.m. um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, en því var neitað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Erlendur Þórðarson biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum næsta haust; og var það veitt.
10. Jón Kristjánsson frá Engey biður um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum, og var það veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Friðriksson. Gunnar Gunnarsson
Ólafur Ólafsson Jón Þorsteinsson Steindór Steinsson

Ár 1893, 13. júlí átti fundur að vera í fátækranefndinni, en með því að ekki mættu aðrir en Halldór Friðriksson og Ólafur Ólafsson auk formanns, varð ekki af fundinum.

Halldór Daníelsson

Ár 1893, fimmtudaginn 27. dag júlímánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer, og kom þá til umræðu:

1. Í brjefi 23. þ.m. biður Jóhannes Oddsson um helming meðgjafar með Salgerði Grön, dóttur Guðmundar Jónssonar í Hábæ. Málinu frestað til næsta fundar.
2. Guðrún Jónsdóttir afsegir að halda Rikku Holter lengur en til loka þessa mánaðar fyrir minna en 8 kr. um mánuðinn. Frestað til næsta fundar.
3. Bæjarstjórinn í Kaupmannahöfn skrifar, að Guðbjörg Magnúsdóttir vilji nauðug koma hingað, með því að hún eigi 2 dætur í Kaupmannahöfn. Samþykkt, að láta hana vera þar kyrra með 8 kr. mánaðarlegum styrk.
4. Oddur Tómasson biður í brjefi 5. þ.m. um styrk til þess að kaupa Einholt, sem á að kosta 185 kr. en eigi á þarf að borga meira en 85 kr í haust. Ákveðið var, að útvega honum lán til kaupanna á bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Guðmundur Jóhannesson í Lindargötu biður um 300 kr. lán til að fullgjöra hús, sem hann segist [illegible] vera að byggja. Nefndin neitaði um þetta lán.
6. Guðbjartur Þórðarson biður í bréfi 25. þ.m. um tómthúsmannsleyfi hjer í bænum. Leyfið var veitt.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. G. Þórðarson
G. Gunnarsson Ólafur Björnsson
Guðmundur Þorkelsson. Ámundi Ámundason
Jón Þorsteinsson Ólafur Ólafsson

Ár 1893, fimmtudaginn 10. d. ágústmánaðar, átti fátækranefnd Reykjavíkur fund með sjer.
1. Böðvar Guðmundsson beiðst kaupa á Hábæ fyrir 350 kr., með þeim skilyrðum, að hann borgi verðið á 4 árum hinum næstu, nú í haust 50 kr., og svo 100 kr. á ári með 4% vöxtum. Boð þetta var samþykkt.
2. Kristín Guðmundsdóttir krefst húsaleigu fyrir Þorstein Jónsson (bakara), 2 kr. um mánuðinn frá 14. maí til 31. júlí, en því var neitað, með því, að fátækranefndin hefði eigi undirgengist að borga neina húsaleigu fyrir Þorstein um þennan tíma.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. M. Friðriksson. G. Þórðarson
Guðm. Guðmundsson

Ár 1893, fimmtudaginn 24. ágúst var fundur haldinn í fátækranefndinni.
1. Ragnheiður Sigurðardóttir biður um útgert á húsi því (Brennu) sem hún býr í. Steindóri Jónssyni var falið á hendur að selja pappa á suðurgafl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsinu og gjöra að dyr og glugga svo að húsið verði byggilegt bæði, og leyft að verja til þess allt at 30 Kr.–

2. Sigurður Eiríksson biður um styrk til að útvega sjer mó til vetrarins, og var samþykkt að styrkja hann til að kaupa 20 hesta af mó. Einnig samþykkti nefndin að greiða Hálfríði Pjetursdóttur 7 Kr. fyrir að vera 7 daga yfir Guðbjörgu konu Sigurðar Eiríkssonar í veikindum hennar.

3. Frestað var að úrskurða reikning frá E. Sveinsdóttur fyrir mjólk handa Sigríði konu Vald. Ottesens.–

4. Samþykkt var að greiða Guðrúnu Jónsdóttur í Austurbæ 2 Kr. 50 a. fyrir hjúkrun á Vilborgu Sigurðardóttur í 6 vikur.

5. Var samþykkt að greiða Jóhannesi Oddssyni í Stöðlakoti 30 Kr. ársmeðlag frá 1. þ. m. með dótturdóttur hans Salgerði Grán Guðmundsdóttur.

6. Beiðni í bréfi dags. 18. þ. m. frá Guðrúnu Ólafsdóttur í Jótu í Hrunamannahreppi um tómthúsmanns-leyfi, var frestað til næsta fundar til að útvega upplýsingar um beiðanda og efnahag hennar.

7. Samþykkt var eptir beiðni Ólafs Arinbjarnarsonar í bréfi dags. í dag, að hann setjist að í tómthúsmennsku hjer í bænum.–

Fundi slitið

Halldór Daníelsson.

Jón Þorsteinsson G. Gunnarsson

Steindór Jónsson G. Þórðarson Ólafur Ólafsson

Gunnlaugur Pjetursson

Guðmundur Þorkelsson

Ár 1893, fimmtudaginn 14. september var fundur haldinn í fátækranefndinni

1. Voru gjörðar tillögur, að útistöddum tökumas-mælinum og með hans ráði, um at veita

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptirgreindum börnum kennlutyrk af Thorkillii gjöf-
narta skaldiar:

1. Þórdís Hafliðadóttir 9 ára
2. Kristinn Guðmundsson 11 ára Bergst.
3. Jónína Guðný Guðnadóttir 13 ára Hallk.
4. Guðrún Eyvindsdóttir 11 ára Hala
5. Ásgeir Egilsson 13. ára , Araba
6. Guðrún Olafsdóttir Seli 13 ára
7. Magnús Sigurðsson 13 ára Bráðræð.
8. Guðfinna Jónsdóttir Skipholti 12 ára
9. Bjarni Jónsson Mýrarholti 11 ára
10. Guðrún Anna Guðbrandsdóttir 13 ára
11. Margrjet Jónsdóttir Vesturgötu 12 ára
12. Margrjet Pálsdóttir ~~Pálsdóttir~~ Pálsho 12 ára
13. Júlíus Arnason 13 ára
14. Alína Hafliðadóttir 12 ára
15. Kristinn Sigurðsson Friðrikssonar 12 ára
16. Jón Jónsson frá Mörkum 10 ára
17. Jósef Magnússon Sigmundi 12 ára
18. Einar Hermannsson Brekku 12 ára
19. Skúli Sveinsson Sveinsstöðum 12 ára
20. Bjarni Sveinsson — " — 13 ára
21. Runólfur Jónsson Stuðlakoti 12 ára
22. Jóhanna Eiríksdóttir Eystabæ 11 ára
23. Sigr. Ísafold Halldórsdóttir 12 ára
24. Klaus Hansen , — 10 ára
25. Valgerður Jóhannsdóttir 11 ára
26. Jóhannes Kristinsson 11 ára
27. Sigríður Guðlaug Jónsd. Austurk. 12 ára
28. Sigríður Ólafsdóttir Grund 12 ára
29. Esther Björnsdóttir á Hlíðarhúsum 13 ára
30. Valgerður Þórðardóttir Vesturgötu 12 ára
31. Þórður Magnússon Ofanleyti 12 ára
32. Susanna Guðríður Hansen 9 ára
33. Einar Jónsson (Einarssonar eldra) 9 ára
34. Magdalena Gunnlaugsdóttir 12 ára
35. Guðrún Sigurðardóttir (frá Bráðræði 12 ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

36 Björn Jónsson Stuðlakoti 10 ára
37 Ásgeir Ásmundsson Stóraseli 10 ára
38 Sigvaldi Stefánsson Mýrar 13 ára
39 Karolína Jakobína Benediktsd. 13 ára
40 Guðmundur Kristinn Jónsson Hala 10 ára

Til vara

41. Sigurður Þorleifsson Kasthúsum 9 ára
42. Ragnheiður Jónsdóttir Vesturgötu 9 ára

2. Var samin áætlun um tekjur og gjöld fátækrasjóðsins 1894 þannig:

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fátækratíund | Kr. | 180.00 |
| 2. Sektir og gjafir | " | 200.00 |
| 3. Hundaskattur | " | 70.00 |
| 4. Endurgjald frá öðrum sveitum | " | 600.00 |
| 5 — " — " innansveitarmönnum | " | 400.00 |
| 6 ~~Borgun~~ fyrir seldar sveitar ómaga | " | 50.00 |
| Samtals | Kr. | 1500.00 |

Gjöld.

| | | |
|---|---|---|
| 1. Til fastra ómaga | Kr. | 6000.00 |
| 2 " þurfamanna | " | 4500.00 |
| 3 " Vitstola | " | 500.00 |
| 4 " greptrunar ómaga | " | 100.00 |
| 5 Lagfluttningur þurfamanna | " | 80.00 |
| 6. Fátækralyf og önnur óviss útgjöld | " | 400.00 |
| 7. Lán til annara sveita | " | 600.00 |
| Samtals | Kr. | 12180.00 |
| þar frá dragast tekjurnar | " | 1500.00 |
| Mismunur | Kr | 10680.00 |

3. Ákveðið var að útvega sem fyrst samastað handa nýfæddu barni Sigurlínar Vigfúsdóttur, Jóhönnu Friðriku, sem Hr. O. Þorgrímsson kaupmaður Sigurlínu hefur sagt til sveitar. Faðir að barni þessu

 hefur sigurlína lýst Kristjón E. Kristjánsson, sem er farinn til Ameríku

